

# Jólablað Völsungs



2009


## Frá ritstjóra

Útgáfa jólablaðs Völsungs er mikilvægur þáttur í því að halda sögu félagsins til haga. Þar gera deildir félagsins upp starfsárið, horfa um öxl og sjá hvað betur má fara í framtíðinni. Breyttur hagur sveitarfélaga og fyrirtækja hefur klárlega einhver áhrif á íþróttastarfsemi á svæðinu. Þó fjárráð verði eitthvað minni þá minnkar ekkert nauðsyn þess að halda úti öflugri íþróttastarfsemi. Nauðsyn þess að halda úti jafn mikilvægri starfsemi og Völsungs eykst ef eitthvað er. Hér eftir sem hingað mun Íþróttafélagið Völsungur hvetja félagsmenn sína til dáða og að standa vörð um starfsemina á hvaða vettvangi sem er.

Um efnisöflun og ritstjórn sá starfsmaður félagsins. Ritstjóri og aðalstjórn Völsungs þakkar þeim fjölmörgu einstaklingum og fyrirtækjum sem styrkja þessa útgáfu og starfsemi Völsungs á einhvern hátt kærlega fyrir, án þeirra væri svona útgáfa óhugsandi og starfsemin öll miklu erfiðari. Einnig þökkum við fólkinu sem tók sér tíma til að setjast niður og festa söguna á blað fyrir framtíðina að skoða og læra af. Ekki má gleyma sveitarfélaginu Norðurþing sem á hverju ári styður íþróttastarfsemi á svæðinu með margvíslegum hætti bæði með fjárfraumlögum og aðstöðu.

**Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þakka samstarfið á árinu.**

**Sveinn Aðalsteinsson.**



*Óskum Völsungum og öllum  
Þingeyingum gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.*

*Þökkum viðskiptin  
á liðnu ári.*



Gleðileg jól  
farsælt komandi ár  
þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.



**Bílajónustan ehf.**  
Garlarsbraut 52 • 640 Húsavík  
Sími 464 1122 • Farsími 854 0872

Gleðileg jól og farsælt  
komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á árinu  
sem er að líða.



**LAGNATAK**  
GARLARSBRAUT 22 • Sími 464 2020 • FAX 464 2189 • GSM 897 0282 & 893 3899



Óskum viðskipta-  
vinum okkar og  
öðrum Þingeyingum  
Gleðilegra jóla og farsældar  
á nýju ári.

þökkum  
viðskiptin **viðbót**

kjörtvinnsla



Gleðileg jól  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.



Garlarsbraut 48 • 640 Húsavík  
Kennitala 560390-1309 • Vsk.nr. 22806  
Sími 464 1055 • Fax 464 2055

Óskum viðskiptavinum okkar  
og öðrum Þingeyingum  
gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári



*Hlávgræðslustofa*  
**RÓSU & JÓNU**

Óskum öllum Völsungum til sjávar  
og sveita  
gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin  
á liðnu ári.



Sími 464 1500 • Fax: 464 1501 • Netfang: info@gentlegiants.is  
Heimasíða: www.gentlegiants.is

## Jólakveðja frá Formanni.

Ágæti lesandi.

Þá líður senn að jólum og eitt árið enn að kveðja okkur og þrútt fyrir erfiðleika sem margir þurfa að glíma við þessar stundirnar er ég vongóð um að við sem búum í þessu litla en ágæta samfélagi, eigum jafnvel betri von um að halda ótraud áfram, en margur annar í stærri samfélögum. Við höfum sjaldan fundið fyrir eins miklum krafti í íþróttafélaginu okkar og einmitt á því ári sem er að líða. Margir titlar hafa unnist, hvort heldur er í fótbolta, fimleikum, eða öðrum íþróttagreinum innan félagsins, svo ekki sé minnst á glæsilegasta handboltamót sem haldið er á landinu en það er Húsavíkurmótið sem haldið er ár hvert og var með allra glæsilegasta móti á þessu ári og vakti mikla athygli innan íþróttahreyfingarinnar. Jólablaðið okkar er ársskýrsla deildanna sem starfa innan Völsungs, og munu þær bera þess merki hvað það starf sem unnið er í deildunum er jákvætt og gott fyrir það samfélag sem við kjósum að búa í. Það er mikill velvilji af hálfu Norðrþings og annarra, bæði fyrirtækja og einstaklinga í garð félagsins, sem við þurfum svo oft að biðla til vegna rekstursins og fyrir það erum við mjög þakklát. Ég bið þig lesandi góður, áður en ég óska okkur öllum gleðilegra jóla að gefa þér örlitinn tíma til að lesa blaðið okkar því ég veit að það mun gefa fólki aukna bjartsýni um framtíðina á Húsavík, að lesa og upplifa það starf sem er í gangi nánast alla daga, allan ársins hring og sem gefur svo mörgum möguleika á að annaðhvort ná langt í sinni íþróttagrein eða bara njóta félagskapsins með félögnum, vinum og vinkonum. Áfram Völsungur!



Linda Margrét Baldursdóttir.

**Fyrir hönd Íþróttafélagsins Völsungs, óska ég öllum gleðilegra jóla og þakka samstarfið í gegnum árin.**  
**Linda Margrét Baldursdóttir, formaður Völsungs**

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu.



### Forsíðumyndin

Forsíðumynd Jólablaðsins tók Guðmundur Jakobsson af Stefáni Jóni Sigurgeirssyni í svigi á Heimsmeistaramóti í Val d'Isère í Frakklandi 2009. Stefán Jón hefur af mikilli eljusemi og ástundun náð langt í skíðaíþróttinni og er í dag einn fremsti skíðamaður Íslands. Hann keppir ætíð undir nafni Völsungs en æfir fyrst og fremst með landsliði Íslands. Stefán Jón ber hróður félagsins víða á þessum vettvangi. Við erum stolt af því að eiga slíkan afreksmann sem er góð fyrirmynd fyrir yngri íþróttamenn hjá félaginu sama hvaða íþróttagrein verður fyrir valinu hjá þeim. Við óskum honum áframhaldandi góðs gengis í brekkunum sem og annars staðar. Eins og staðan er í dag hefur Stefán Jón náð Olympíulágmörkum fyrir Olympíuleikana í Vancouver í Kanada í febrúar 2010.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu.



Óskum bæjarbúum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með þökkum fyrir viðskiptin á árinu.



Bókaverslun Þórarins



Óskum Húsvíkingum og Þingeyingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Gleðileg jól farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu.



Skorum með þrumuskotum á nýju ári.



Óskum starfsfólki okkar, fjölskyldum og Þingeyingum öllum

gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum árið sem er að líða.



# Prettándagleði 2010. Miðvikudaginn 6. janúar.

Brenna - Söngur - Gleði - Flugeldasýning  
Álfadrottning, kóngur og púkar verða með í göngunni.

Lagt verður af stað frá Völsungsheimilinu  
(í Íþróttahöllinni) kl.18:00. Gengið verður niður á  
uppfyllingu sunnan við GPG.

Komum saman og kveðjum jólin.

Krakkar og allir sem vilja mæti í búningum og  
tilheyrandi.



*Gleðileg jól,*

og farsælt komandi ár.

Pökkum samstarf og viðskipti  
á liðnum árum.

**Öryggi**  
Garðarsbraut 18a • Sími 464 1600  
RAFVERKTAKAR - VERSLUN  
**Heimilistæki** ht.is

**SAMA VERÐ...** fyrir alla jólapakka hvert á land sem er



Landflutningar  
SAMSKIP

**790 kr.**

Hámarksþyngd 30 kg eða 0,1 m<sup>3</sup>

Við erum sérfræðingar í matvælaflutningum

Upplýsingar um afgreiðslustaði og opnunartíma  
er að finna á [landflutningar.is](http://landflutningar.is)

# Jóla - Hvað?

## Jólahugvekja sóknarprests

Ég vil þakka ritstjórum Jólablads Völsungs og Skarps fyrir að hringja einu sinni á ári í mig til að biðja mig að skrifa jólahugvekju í blað sitt. Það vakti athygli nokkurra glögggra lesenda Jólablada Morgunblaðsins og DV sem komu út fyrir aðventuna á þessu Herrans ári árið 2009 að hvergi var minnst á hvert væri eiginlegt inntak jólanna. Vissulega tiheyryr ytri undirbúningur jólonum en ekki skyldum við gleyma sjálfum kærleiksboðskap heilagra jóla.

Einn fárra, eða margra, lesenda skrifaði ritstjóra Morgunblaðsins Davíð Oddsyni bréf og benti honum á þetta. Sá fékk svar til baka frá Davíð sem sagði að: „trúarlegt inntak jólanna hafi verið sniðgengið í jólabláðinu og að blaðið hafi skaðast vegna þess“. Davíð er maður að meiri fyrir að viðurkenna þetta í mínum augum og fleiri. Það fara ekki sögur af fleiri uppsögnum á Morgunblaðinu í kjölfarið Vonandi bætir blaðið ráð sitt að ári en það er svo auðvelt að sofna á verðinum og sigla fleiru en þjóðarskútunni í strand.

Maður skyldi ætla að oft hafi verið þörf en nú er nauðsyn að benda á kristin siðferðisgildi í þjóðfélaginu, t.d. að gleyma ekki okkar minnsta bróður og systur í erfiðu árferði sem fer versnandi. Er þetta ekki tímanna tákn? Það virðast margir vera á tánum gagnvart þeim fáu sem vilja ekkert með kirkju eða kristni hafa í íslensku þjóðfélagi og beita markvissum þrýstingi til að afhelga helstu stofnanir og fjölmiðla landsins, frá leikskólum upp í framhaldsskóla, frá ritlingum upp í stærstu dagblöð landsins og upphefja manngildið í staðinn sem oft hefur beðið skipbrot í mannkynsögunni.

Við höfum ótraustari grundvöll undir fótum en áður. Við erum ráðvillt þegar við getum ekki varið eins miklum tíma með börnum okkar eins og við viljum og höfum falið skólum að ala þau upp. Börn sem koma nú í fermingarfræðslu þekja ekki biblíusögurnar sem kenndar voru hér áður fyrr í grunnskólum landsins og margt eldra fólk minnst með þakklæti fyrir að hafa lært í grunnskóla. Kennarar, margir hverjir, treysta sér ekki lengur til að kenna kristinfræði í skólum og velja eitthvað annað til að kenna nemendum í bekkjum sínum, jafnvel önnur trúarbrögð. Á fundi heyrði ég málmetandi mann tala um ungling sem sækir skóla í sýslunni sem veit meira um Búdda en Jesú Krist. Vissulega er almenn trúarbragðafræðsla mikilvæg en við skulum gæta þess hvar áherslur okkar í þessum efnum liggja á þessum erfiðu tímum í lífi þjóðarinnar og vera á varðbergi í „borgarvirkinu“. Annars kunna bænatarnar múhameðstrúarmanna að rísa á Húsavík og víðar á landinu fyrr en varir eins og reynsla Svisslendinga sýnir sem uggðu ekki að sér. Ég tel mig ekki fordómafullan mann. En ég veit hvað ég stend fyrir og ég fyrirverð mig ekki fyrir það. Ég er fyrst og fremst þjónn míns kristna safnaðar og sem slíkur verjandi fagnaðarerindisins um Jesú Krist, kristins málstaðar, kristinna gilda og siðferðis um leið og ég gæti þess að líta í eigin barm í þroskaviðleitni minni á vegferð minni í gegnum lífið.

Við þurfum ekki að skammast okkar fyrir það að vera kristið fólk og bera út boðskapinn um Guð sem afskrýddist tignarskrúða sínum og kom til manna, var úthýst úr gistihúsi og fékk inn í gripahúsi þar sem hann var lagður í jötu. Guð kom til okkar til að lýsa yfir samstöðu með okkur öllum, ekki síst hinum úthýstu, þeim sem bera skarðan hlut frá borði í lífinu af ýmsum ástæðum, þeim sem þurfa að borga brúsann, okkur. Við skulum styðja við bakið á börnunum okkar sem þurfa að fá útrás í leik og íþróttum sem hafa augljóst forvarngildi. En við skulum jafnframt minnast ábyrgðar okkar sem foreldrar þegar við bárum börnin okkar til skírnar að kenna þeim að elska Guð, tilbiðja hann og þjóna náunganum í kærleika. Margir foreldrar eiga heilagar stundir með börnum sínum við rúmstokkinn sem aldrei gleymast. Barnastarf kirkjunnar er liður í þessu uppeldi sem kirkjan býður upp á þar sem börnin fá að heyra biblíusögurnar sem margir hafa gleymt. Kirkjan er líka rík af margs konar táknmáli sem fólk þekkir ekki eins og t.d. altarisdúkurinn sem er ekki aðeins dúkur heldur minnir hann á reifarar sem sveipaðar voru utan um Jesú barnið áður en það var lagt í jötuna. Við skulum minnast þess að í þessu barni rætast vonir okkar á hverjum tíma. Góðar stundir.

Guð gefi okkur gleðileg jól.  
Sr. Sighvatur Karlsson

Gleðileg jól  
og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem er að líða.



Óskum Húsvíkingum  
og Þingeyingum  
gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem  
er að líða.



Óskum gestum okkar  
og öðrum Húsvíkingum  
gleðilegra jóla og  
farsældar á komandi  
ári með þökk fyrir  
samskiptin á árinu.



Óskum öllum  
Völsungum  
gleðilegra jóla og  
farsældar á komandi ári.  
Þökkum samskiptin  
á liðnu ári.



**Örkin**  
Garðarsbraut 56  
Húsavík

Gleðileg jól  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.



**NORÐURVÍK**  
HÖFÐA - HÚSAVÍK  
SÍMT 464 1879 • GSM 898 8379

## Húsvíkingar - Þingeyingar

Óskum ykkur gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem er að líða.



**GAMANJÓUSTI**  
NORÐURLANDS EHF.

Óskum viðskiptavinum  
okkar og Húsvíkingum  
öllum gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi  
ári með þökk fyrir árið  
sem er að líða.



**VERMIR s.f.**  
Pípulágnir

Óskum bæjarbúum  
gleðilegra jóla og  
farsæls komandi árs,  
með þökkum  
fyrir viðskiptin á árinu.



# GARÐARSHÓLMI

Húsvíkingar!  
Óskum ykkur  
gleðilegra jóla og  
farsældar á árinu sem  
er að ganga í garð.  
Þökkum liðið ár.



**REGULA**  
LÖGMANNSSTOFA

Gleðileg jól  
og farsælt komandi  
ár. Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



**VERSLUNIN  
TÁKN**

Þingeyingar!

Óskum ykkur gleðilegra  
jóla og farsældar  
á komandi ári.



Þökkum liðið ár.



Reiðskólinn í Saltvík óskar  
nemendum sínum og  
fjölskyldum þeirra gleðilegra  
jóla og farsæls nýs árs.  
Hittumst hress  
á nýju hestaári



Óska viðskiptavinum mínum og  
öðrum Þingeyingum gleðilegra  
jóla og farsæls komandi árs.  
Þakka viðskiptin á árinu  
sem er að líða.



Hárgreiðslustofa  
**Huldu Jóns**  
Skálabrekku 11 - S. 464 1885

Óskum öllum Völsungum til  
sjávar og sveita gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin á liðnu ári.

**EGJónasson**  
Tölvu- og rafmagnsverkstæði  
Löggiltur rafverktaki

Óskum öllum Völsungum til  
sjávar og sveita gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin á liðnu ári.

**Náttúrustofa**  
Norðurlands

Gleðileg jól  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem er að líða.



**Garðvík ehf.**

Óskum viðskiptavinum okkar  
og íbúum Norðurlands  
gleðilegra jóla og farsældar  
á komandi ári með þökk fyrir  
árið sem er að líða.



**Silfurstjarnan**

*Óskum  
viðskiptavinum  
okkar*



*og Völsungum öllum  
gleðilegra jóla og farsældar  
á komandi ári.*

*Takke fyrir viðskiptin  
á árinu sem er að líða.*

Óskum Þingeyingum  
gleðilegra jóla og  
farsæls komandi árs.  
Þökkum samskiptin  
á árinu sem  
er að líða.



*Bókasafnið á Húsavík*

Gleðileg jól,  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



**PRICEWATERHOUSECOOPERS**

**TOFF**  
HEILSÁRÆKT



GARÐARSBRAUT 55 SÍM 464 2727 1000 VÍKNA DAGA 11-18 LÍDU 11-12

# Yngri flokkar knattspyrnu

## 7. flokkur kk.

Í sumar voru 24 strákar að æfa í 7. flokki karla og æfðu strákarnir 4 morgna í viku. Strákarnir fengu að fara á þrjú mót í sumar, fyrst var það Húsasmiðjumót sem Höttur hélt í lok júní, næst var það Strandarmót á Árskógsströnd og svo var það Eimskipsmótið hérna heima sem var í lok ágúst. Með Eimskipsmótinu lauk sumrinu hjá strákunum. Á öllum mótunum var rosalega gaman og stóðu strákarnir sig með sóma. Til lengri tíma litið er það ósk okkar að þessir strákar verði duglegir að mæta og stunda fótbolta í framtíðinni því að í þessum hópi eru fótboltamenn framtíðarinnar.

*Alli Jói og Arnþór.*



Frá Eimskipsmótinu 2009.

Mynd: Már Höskuldsson

## 6. og 7. flokkur kvenna

Stelpurnar æfðu af kappi þetta sumarið og voru mjög duglegar. 7. flokkur tók þátt í dagsmóti á Egilsstöðum og einnig á Eimskipsmótinu okkar og gekk þeim bara mjög vel og allir virtust glaðir og ánægðir.

6. flokkur tók þátt í Landsbankamótinu á Sauðárkróki og Eimskipsmótinu okkar og gekk þeim einnig mjög vel. Einnig tóku þær þátt í Íslandsmóti sem haldið var á Ólafsfirði, gerðum við okkur lítið fyrir og unnum það með glæsibrag og tókum þar af leiðandi þátt í úrslitum Íslandsmóts á Egillstöðum, sem gekk bara rosalega vel og sóttum við að sjálfsögðu verðlaunapeninga þangað.

Annars var sumarið bara mjög fínt og held ég að allir hafi verið sáttir í sumarlok.

Stelpur, takk æðislega fyrir sumarið, höldum áfram að vera duglegar.

*Kveðja Áslaug Guðmundsdóttir*

## 6. flokkur karla

Fyrsta mótið sem við fórum á var Goðamótið. Þetta var stór stund fyrir nokkra þar sem þetta var fyrsta mótið þeirra sem var gíst. Það fór fram í Boganum á Akureyri í lok mars og vorum við með tvö lið. Í ágúst fórum við á Króksmótið á Sauðárkróki. Á því móti vorum við með tvö lið en vegna mannekleu fengu nokkrir strákar úr 7. flokki að fljóta með og stóðu þeir sig mjög vel. Strákarnir voru mjög duglegir að æfa og hafa margir tekið gífurlegum framförum. Á komandi árum verður gaman að fylgjast með þeim því þeir geta náð langt ef þeir vilja. Að lokum vil ég þakka strákunum kærlega fyrir skemmtilegt fótboltaár.

*Þjálfari*

*Elfar Árni Aðalsteinsson*

## 5. flokkur kvenna

Það var heldur fámennt en góðmennt á æfingum 5. flokksins í sumar og því ákveðið að tefla aðeins fram einu liði í Íslandsmótinu.

Stelpurnar voru duglegar að æfa og tóku miklum framförum frá því að við byrjuðum að æfa síðasta vetur. Við kíktum í Bogann í æfingaleiki áður en grasið fór að grænka og prófuðum okkur gegn KA og Þór. Einnig tókum við þátt í Goðamóti Þórs í mars og spiluðum þar með tvö frækni lið sem unnu glæsta sigra og þöldu grátleg töp. Það skiptast auðvitað á skin og skúrir í boltanum.

Það var erfiður róður í Íslandsmótinu í sumar enda kvennaliðin í 5. flokki gríðarlega sterk hér á Norðurlandi. Baráttan lét þó aldrei á sér standa og það var sannkallaður hápunktur sumarsins þegar stelpurnar gerðu sér lítið fyrir og lögðu eitt sterkasta lið riðilsins, KS/Leiftur á Ólafsfirði í síðasta leik.

Stelpurnar tóku þátt í Landsbankamótinu á Sauðárkróki og eftir brösuglega byrjun þá uxu þær með hverjum leik og náðu frábærum úrslitum á móti sterkum liðum af öllu landinu. Frábært mót og gaman að sjá leikgleði stelpnanna og baráttuanda sem og áhuga og stuðning foreldranna. Það var einmitt frábært að sjá hvað foreldrar stelpnanna voru áhugasamir og duglegir að mæta á leiki í sumar og styðja við bakið á stelpunum. Það er ekkert vafamál að slíkur stuðningur skilar sér þegar til lengri tíma er litið.

Takk kærlega fyrir sumarið stelpur, foreldrar, foreldraráð sérstaklega og þeir sem hjálpuðu til í sumar!

*Jóhann Kr. Gunnarsson*



Frá Eimskipsmótinu 2009.

Mynd: Már Höskuldsson

## 5. flokkur karla

Það var stór og skemmtilegur hópur drengja sem æfði með 5. flokki á þessu ári. Þetta var góð blanda af strákum héðan úr bænum og nokkrum úr sveitum hér í kring, þó aðallega úr Aðal- og Reykjadal. Yfir veturinn var farið í æfingaleiki á Akureyri og á Goðamót á Akureyri í febrúar sem heppnaðist með ágætum og árangurinn nokkuð góður miðað við þá fáu leiki sem piltarnir höfðu spilað fyrir mót. Í byrjun júní hófst svo Íslandsmótið af fullum krafti og sendum

við 3 lið til keppni í þessum flokki í ár. Það er óhætt að segja að gengið hafi bæði upp og niður í leikjum liðanna og mátti sjá miklar framfarir hjá liðunum sem slíkum og þar af leiðandi einstaklingunum líka.

A-liðið lenti í 3. sæti af 5 liðum í sínum riðli og náði ekki inn í úrslitakeppni. B-liðið hinsvegar endaði í 2. sæti í sínum riðli og lék í úrslitakeppni sem haldin var á Hlíðarenda í Reykjavík, þar spiluðu þeir 3 leiki sem allir töpuðust reyndar, en engu að síður góð og skemmtileg ferð fyrir þá strákana. C-liðið endaði í 3. sæti í sínum riðli en eins og áður hefur komið fram sýndu þeir miklar framfarir út sumarið.

Fyrstu helgina í júlí var svo farið á N1-mótið á Akureyri, þangað sendum við 3 lið til keppni. Þetta varð stórgóður tími og óhætt að segja að veðrið hafi leikið við okkur, en það hefur því miður ekki alltaf verið svo þar í bæ. Árangurinn var með ágætum, liðin tóku þarna stórstígum framförum og enduðu A og C liðin í 18. sæti af 24 liðum en E-liðið endaði í 15. sæti af 24 liðum.

Það er von okkar og trú að þessir piltar haldi áfram að æfa á fullu, í hópnum er mikill efniviður og menn geta náð langt ef þeir verða duglegir að æfa.

**Fótboltakveðjur  
Unnar Þór og Alli Jói**

#### 4. flokkur kvenna

Í 4. flokki hjá stelpunum vorum við ekki með allt of stóran hóp og ljóst að það yrði naumt að halda úti liði á 11 manna velli um sumarið. Yngra árið í flokknum var mikið fjölmennara en eldra árið og því ljóst að mikið myndi mæða á öreyndari stelpum á stórum velli í fyrsta sinn.

Strax síðasta vetur var ljóst að mætingin á æfingar var alveg til fyrirmyndar. Stelpurnar æfðu vel og tóku miklum framförum. Við náðum aðeins einum æfingaleik í Boganum við Þór og gekk hann bara furðu vel miðað við að þarna var stærsti hluti stelpnanna að spila í fyrsta sinn á stórum velli. Einnig tókum við þátt í Goðamótinu sem fram fer á litlum velli og tefldum við þar fram tveimur galvöskum liðum. Úrslitin voru ekkert endilega til að hrópa húrra fyrir en baráttan og það að stelpurnar gáfu sig ekki í að reyna að spila frá aftasta manni og upp völlinn var til fyrirmyndar.

Við fengum góðan liðsstyrk í sumar en tvær stelpur spiluðu með okkur sem búsettar voru utan Húsavíkur. Þar eru á ferðinni kjarnakvendi og hjálpuðu þær okkur gríðarlega mikið í baráttunni. Við þökkum Nönnu (Raufarhöfn) og Ásdísi (Múli í Aðaldal) mikið vel fyrir sumarið og vonum að við sjáum meira af þeim í framtíðinni.

Stelpurnar sýndu góða takta í nánast hverjum einasta leik í sumar og náðu nokkrum fínum úrslitum í leiðinni. Spiluðu fína leiki við sterk lið og voru að bæta sig með hverjum leiknum. Það var helst að liðin að austan stæðu verulega í okkur og gerðu okkur lífið leitt. En á heildina litið var allt á uppleið og stelpurnar í mikilli framför og ekki spurning um að þarna eru framtíðarleiðtogar meistaraflokksins okkar og jafnvel einhverjar sem gætu farið alla leið og spilað í bláa búningnum á Laugardalsvelli.

Þjálfari vill þakka stelpunum kærlega fyrir gott sumar og vonar að þær haldi áfram á sömu braut. Einnig vil ég þakka foreldrum og sérstaklega þeim sem störfuðu við flokkinn í foreldraráðinu fyrir gott samstarf.

**Jóhann Kr. Gunnarsson**



Frá Eimskipsmótinu 2009.

Mynd: Már Höskuldsson

#### 4. flokkur karla 2009.

Þessi hópur samanstóð af 25-30 strákum, all nokkuð hressum og sprækum. Við æfðum í 111 skipti á tímabilinu jan – sept jafnt á gervigrasi, í Höllinni, á götum bæjarins, á Flatarholti og grasvöllum félagsins. Við tókum þátt í tveimur vormótum, Greifamóti í Boganum Akureyri og Fjarðarálmóti austur á Reyðarfirði og mættum við með tvö lið á bæði þessi mót og var árangur bara alveg þokkalegur. Í júní hófst svo Íslandsmót og þar sendum við eitt 11 manna lið og annað 7 manna lið og spiluðum alls 22 leiki, suma slaka aðra nokkuð góða og þó nokkra frábæra og árangur því nokkuð blandaður en flestir leikmenn þó í góðri framför sér í lagi þeir sem æfðu hvað best. Sumrinu lauk svo með haustmóti hjá Þór á Akureyri en þetta mót var kennt við einhvern bankann sem ég man nú ekki hvað heitir enda örugglega búið að skipta 1-2 um nafn á bankanum frá því í haust. Veðrið á þessu móti var með eindæmum gott en samt

vorum við látnir spila nokkra leiki inni í Boga!! Dómgæsla og framkvæmdin á mótinu var því miður ekki boðleg að þessu sinni og fór svo í leik Völsungs og KR að einum KRingi var vikið af velli fyrir eitthvað sem enginn skilur enn þann dag í dag. Upp úr þessu hófst mikil rekistefna þar sem reynt var að útskýra fyrir dómáranum hvað gerðist en hann haggast ekki, út af skyldi drengurinn, upp úr þessu hófst svo enn meiri fundarhöld á vellinum sem mér voru farin að leiðast. Sótti ég því næst KR þjálfarann inn á völlinn og sagði honum að við tækjum einn Völla út af og spiluðum 10 á móti 10 og kláruðum við leikinn þannig án þess að dómari yrði nokkurs var enda þurfum við enga utanaðkomandi aðstoð er við leikum við KR. Mót þetta kláraðist loks og var þá helmingur leikmanna óleikfær sökum meiðsla enda spilað allt of mikið á stuttum tíma, það fór svo að nokkrar stelpur úr 4. fl. kvenna hlupu í skarðið í síðasta leiknum og kunnum við þeim beztu þakkar fyrir þó sumir strákarnir ættu nú erfitt með að kyngja þeim bita. Við völdum Bjarka Þór Jónasson til að taka þátt í æfingum á vegum KSÍ á Laugarvatni í júní og stóð hann sig mjög vel þar líkt og í allt sumar með Völsungi, en þar er klárlega á ferð einn efnilegasti varnarmaður sem Völsungar hafa átt um árabíl. Í lokin vil ég svo þakka strákunum fyrir tímabilið, þeir voru langoftast bara flottir, eins og Guðni Már Kjartansson aðstoðarþjálfari einnig og vona ég að hann haldi áfram að starfa fyrir Völsung, algert gæðablóð drengurinn. Mása, Kára Pál, Hafdís og Gústa Verkalýðs (reyndar löngu hættur þar en þetta er svipað með appelsínugulu blokkina sem er búin að vera grá í 20 ár !!!!!) þakka ég fyrir frábært samstarf í sumar og einnig hinum sem ég gleymdi að nefna.

**Jólakveðja, Róbert Ragnar Skarphéðinsson Þjálfari.**



### 3. flokkur kvenna

Þetta sumarið var mikið um að vera hjá 3.flokki kvenna, við æfðum með meira móti, tókum jafnvel morgunæfingar og fleira. Tókum þátt í Íslandsmóti þ.e. í 11 manna bolta og 7 manna bolta.

Við vorum í riðli með Reykjavíkurlíðum í 11 manna boltanum og þurftum því að leggja land undir fót til að etja kappi þar, og gekk það ekki alveg nógu vel þetta sumarið, stúlkurnar virtust ekki hafa mikla trú á sér og ekki batnaði það þegar líða tók á sumarið, en knattspyrnuleg geta þeirra var ekki mikið síðri en hinna. Hinsvegar vorum við í landhlutaskiptum riðli í 7 manna boltanum, en þurftum samt í dágóð ferðalög, þar byrjaði sumarið reyndar bara mjög vel og við unnum fyrstu leikina en svo fór að halla undan fæti þegar líða tók á tímabilið og enduðum við aðeins neðar en áætlað var. Þannig að árangurinn á pappírnum var ekki eins og við hefðum viljað í Íslandsmótinu en margar af stelpunum voru hinsvegar að bæta sig mikið sem leikmenn að mínu mati.

Þó Íslandsmótið hafi ekki gengið sem skyldi þá áttum við ófáa sigrana á erlendri grundu, þ.e.a.s. við skunduðum á Gothia-Cup í Svíþjóð í júlí og gerðum þar mjög góða hluti, þar sýndu stelpurnar á sér sparihlíðina og margar þeirra sýndu jafnvel tilþrif sem enginn vissi að þær ættu til. Þannig að sumarið var ekki alveg vonlaust eftir allt og er ég viss um að ferðin út hafi staðið upp úr.

En dugnaðurinn og þrautsegjan barði okkur áfram í sumar og held ég að þrátt fyrir allt hafi þetta verið skemmtilegt og lærdómsríkt.

Vil ég nota tækifærið og þakka þessum yndislegu stelpum fyrir frábær ár í boltanum, þar sem ég hef loksins látið þær af hendi eftir nokkra ára samvinnu, TAKK TAKK.

*Kveðja Áslaug Guðmundsdóttir*

### 3. flokkur karla

Það voru 17 strákar sem æfðu í 3. flokki karla síðastliðið sumar. Ekki varð eins mikið úr leikjum eins og vonast var eftir yfir vetrartímamann en þó voru farnar ferðir á Akureyri og Reyðarfjörð til að spila æfingaleiki. Hópurinn var mjög samstilltur og ákveðinn í að ná árangri. Fyrsta markmið hópsins var að vinna riðilinn sem við vorum í, það tókst, liðið var á toppi riðilsins með 19 stig, 2 stigum meira en Fjarðabyggð/Leiknir sem veitti okkur hvað harðasta mótspyrnu. Á köflum í sumar var liðið að spila stórskemmtilegan sóknarbolta sem tekið var eftir og gekk svo langt að í eina ferðina fengum við með okkur stuðningsmann alls ótengdan liðinu nema á þann hátt að honum fannst það spila svo skemmtilegan fótbolta, við þökkum honum samfylgdina í leikinn.

Í júlí var svo förin heitið til Svíþjóðar á Gothia-cup, sem er stærsta knattspyrnumót fyrir þennan aldursflokk í heiminum. Annar pistil er hér í blaðinu um ferðina en engu að síður skulum við rétt minnst á knattspyrnulegan árangur í ferðinni. Í fyrsta leik lékum við gegn liði frá Barcelona og er óhætt að segja að okkar menn hafi hvorki vitað hvort þeir væru að koma eða fara í fyrri hálfleik, slíkur var hraðinn á öllum aðgerðum Börsunganna. Við náðum þó að aðlagast þessu í seinni hálfleik og náðum að vinna upp þriggja marka forystu þeirra en töpuðum síðan með naumindum 4-3. Þetta var erfiðasti leikurinn í riðlinum en í honum enduðum við í 3. sæti og lékum því í B-úrslitum, þar komumst við svo í 8 liða úrslit, töpuðum naumlega í vítaspyrnukeppni fyrir liði frá Valencia á Spáni í yfir 30 stiga hita og steikjandi sól. En árangurinn á mótinu frábær og miklar framfarir hjá strákunum og óhætt að segja að menn hafi snúið heim með mikla reynslu í töskunni.

Liðið lék einnig í Visa-bikar Norður- og Austurlands, þar spiluðum við strax í undanúrslitum gegn Þór, leikinn hér heima unnum við í besta og jafnframt skemmtilegasta leik okkar í sumar en töpuðum svo á Akureyri og féllum út á mörkum skorudum á útivelli.

5. september lékum við svo í undanúrslitum C-deildar Íslandsmótsins gegn Grindavík. Leikurinn var spilaður á Sauðárkróki og tapaðist hann 3-1 og er óhætt að segja að við höfum ekki átt okkar besta dag þann daginn. Það verður því að bíða næsta árs að komast uppúr C-deildinni.



Frá Eimskipsmótinu 2009.

Mynd: Már Höskuldsson



Frá Eimskipsmótinu 2009.

Mynd: Már Höskuldsson

Í haust fékk svo Arnþór Hermanns verðlaun fyrir frábæra frammistöðu á árinu með því að vera valinn í U-17 landslið Íslands og tók hann þátt í undanriðli Evrópukeppni í Wales. Það var mjög gaman að Arnþór skildi vera valinn enda búinn að stíga uppúr erfiðum veikindum og vinna milka og harða vinnu að þessu markmiði.

Núna seinna í haust hafa svo þrír strákar úr hópnum verið að æfa með U-17 landsliðshóp, það eru Sigvaldi Einars, Hafþór Aðalgeirs og Halldór Heiðars. Þeir hafa nú lokið æfingum og bíðum við og sjáum eftir áramót hvort þeir komist í 26 manna hóp sem valinn verður um miðjan janúar.

Árangur þessara stráka er frábær og ætti að gefa öllum iðkendum félagsins von um að með miklum dugnaði og markmiðssetningu geti maður náð eins langt og mann langar.

**Fótboltakveðjur  
Unnar Þór**

Um leið og Norðlenska óskar Húsvíkingum og Þingeyingum öllum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, viljum við óska Völsungum til hamingju með frábært starf og bestu óskir um gott gengi á komandi árum.



# NORÐLENSKA



Úddi ehf.

óskar Húsvíkingum og Þingeyingum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum söguhornsgestum samveruna á liðnu ári.

Axel og Trausti.

Mannvit  
óskar Þingeyingum  
gleðilegra jóla  
og farsæls  
komandi  
árs.




**MANNVIT**  
VERKFRÆÐISTOFA  
GARÐARSBRAUT 5

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu.



**b** **Bílaleiga Húsavíkur**  
Garðarsbraut 66 • Húsavík  
Símar 464 1888 & 464 2500



# Gleðileg jól

farsælt komandi ár.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Íslandsbanki

Óskum viðskiptavinum okkar og Þingeyingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrir samskiptin á árinu.

**tónninn**  
málningarþjónusta • sími 844 7768

# MÚRBÚÐIN

# Ungmennahúsið Engi!

## & Keldan

### Ungmennahúsið Engi

Veturinn er okkar þriðji í Völsungsaðstöðunni og umsjónarmenn með starfinu eru Sigríður Hauksdóttir og Kristjana María Kristjánsdóttir. Starfið er fyrir öll ungmenni á aldrinum 16 – 25 ára og er bæði ætlað nemendum framhaldsskólans og ungmennum sem ekki eru í skóla. Opið er á mánudags- og fimmtudagskvöldum frá 20:00 – 23:00.

Dagskrá hússins er skipulögð af Engisnefnd en meðlimir í henni eru að þessu sinni eingöngu nemendur í framhaldsskólanum. Nefndin skipuleggur dagskrá mánuð fram í tímann og er hægt að nálgast hana á facebook síðu Ungmennahússins Engis og vef Nemendafélags framhaldsskólans inni á heimasíðu FSH. Ýmislegt skemmtilegt hefur verið brallað í vetur.

Haldin hafa verið tekkenmót, pönnuköku- og vöfflukvöld, spilakvöld, bíókvöld, tónleikar í samstarfi við Kelduna, vinakvöld, stráka- og stelpukvöld, leikjakvöld og margt fleira skemmtilegt. Við höfum aðgang að salnum í íþróttahöllinni eitt kvöld í viku og höfum við þá spilað bandí-street. Einnig höfum við haft aðgang að litla salnum á mánudagskvöldum og þá höfum við stundum brugðið okkur í boccia.



Bandí - street

Í aðstöðunni er skjávarpi og tjald, borðspil, borðtennisborð og ýmislegt annað sem hægt er að dunda sér við. Útskriftarnemar FSH reka þar sjoppu. Í tengslum við ungmennastarfið er æfingahúsnæði fyrir hljómsveitir úti á Höfða og um daginn héldum við tónleika með þeim hljómsveitum sem þar eru að æfa og fleiri hæfileikaríkum ungum listamönnum auk gestahljómsveitar frá Akureyri. Það gekk afskaplega vel og stefnum við á fleiri og stærra tónleika á næstunni.

Ýmsir hafa lagt okkur lið til að gera starfið skemmtilegra og fengum við t.d. lánað bobb-borð hjá Dvalarheimilinu Hvammi sem er lítið notað þar, heimilismenn hafa víst meiri áhuga á að spila pool og var bobb-borðið farið að safna ryki, en okkur í Engi þykir gífurlega gaman að spila bobb. Við kunnum Hvammi bestu þakkir og hvetjum fólk sem er að laga til í geymslunum hjá sér til að hugsa til okkar ef þar leynast spil sem ekki eru notuð eða á að henda.

Starfið er í góðum farvegi. Við teljum mikla þörf vera fyrir það og horfum bjartsýn til framtíðar en höldum þó í vonina að komast í stærra húsnæði sem hentar starfinu betur.

**Sigríður Hauksdóttir**



### Keldan

Starfið í Keldunni er tvískipt, annars vegar er starfsemi fyrir krakka á aldrinum 10 – 12 ára eða 5. - 7. bekk og hins vegar unglíngana eða 8. - 10. bekk.

Starfið fyrir 10 – 12 ára fór í gang í fyrra og hefur gengið vel. Opið hús er einu sinni í viku eða á mánudögum frá 17:30 – 19:00. Ýmislegt er á dagskrá eins og t.d. spil, bíó, leikir og svo hin hefðbundnu borðspil sem við eigum, ekki ósvipað því starfi sem er í boði fyrir krakkana í 8. – 10. bekk. Það er von okkar að geta fjölgað þessum skiptum og gert starfið fjölbreyttara og skemmtilegra.

Gleðileg jól  
og farsælt komandi  
ár. Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



  
Fjallasýn Rúna Óskarssonar  
(+354) 401 3940 www.fjallasyn.is fjallasyn@fjallasyn.is

Óskum Húsvíkingum  
og nærsveitungum  
gleðilegra jóla og  
farsæls komandi árs.



  
Víkursmiði

Gleðileg jól  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.



Ísfell ehf.



# Gleðileg jól farsælt komandi ár

Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum

**ÁFRAM VÖLSUNGUR!**



Endurvinnslan hf.  
óskar Þingeyingum  
gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs.



Móttaka einnota umbúða  
á Húsavík frá kl 8-12 virka daga.



*Gleðileg jól*

og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



## Húsvíkingar – Þingeyingar

Óskum ykkur gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.  
Þökkum viðskiptin á árinu  
sem er að líða.



Óskum Völsungum  
og Húsvíkingum öllum  
gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári  
með þökk fyrir árið sem er að líða



Höfða 2 - Pósthólf 246 - 640 Húsavík  
Sími/tel: 464 2050 - Fax: 464 2150  
E-mail: nice@nice.is - www.nice.is

# Sund 2008

## Sundárið 2009.

Á árinu er sundstarfið búið að vera með hefðbundnu sniði.

Farið var á nokkur mót og héldum við tvö.

Sundmót KR í febrúar.

Páskamót á Húsavík 4. mars.

Hvammstangamót 16.-17. maí.

17. júní-mót á Húsavík og var uppskeruhátíð haldin eftir mótið.

Unglingalandsmót UMFI á Suðárkróki 31. júlí - 2. ágúst.

Sprengimót Óðins í september.

Desembermót Óðins á Akureyri 5. desember.



Samhliða héraðsmóti í sundi 13. október héldum við æfingabúðir á Laugum, börnin mættu seinnipartinn á föstudeginum og var æft stíft fram að héraðsmóti sem fór fram eftir hádegi á laugardeginum. Keppendur komu frá Völsungi, Bjarma, Einingu, Eflingu og Geisla. Völsungur vann stigakeppnina. Stigahæst í kvennaflokki var Valdís Jósefsdóttir frá Völsungi, og stigahæstur í karlaflokki var Starkaður Snær Hlynsson frá Eflingu.

Verðlaunaafhending og pizzuveisla fór fram eftir mótið á Laugum. Í nokkur ár höfum við haft æfingabúðir á Laugum og fengið gístaðstöðu og mat keyptan hjá Framhaldsskólanum og viljum við þakka fyrir frábæra og góða þjónustu þar.

Sundmaður Völsungs var valin Ásgerður Ólöf Ásgeirsdóttir og var hún einnig valin sundmaður HSP.

Við héldum áfram að bjóða upp á æfingar á Laugum tvisvar í viku og einu sinni á Stórutjörnum og sér Björgvin Vigfússon um æfingarnar þar og æfa 20 börn frá félögunum, Bjarma, Einingu, Eflingu og Geisla, og koma Völsungar með þeim á æfingar einu sinni í viku. Yfirþjálfari er Árný Björnsdóttir íþróttakennari og heldur hún utan um allar æfingar á svæðinu, henni til aðstoðar við þjálfun á Húsavík er Guðrún Einarsdóttir íþróttakennari. Á Húsavík æfa um 22 börn.

Í nóvember kom saman hópur foreldra sem hefur áhuga á að setja aftur af stað söfnun til byggingar á nýju 25m. löngu sundlaugarkari við sundlauginu okkar, Við teljum brýnt að koma þessu verkefni í framkvæmd, ekki aðeins fyrir sundbörnin heldur alla bæjarbúa og teljum við okkur finna fyrir miklum áhuga og stuðningi við þessa hugmynd sem lengi hefur verið á framtíðaráætlun hér í bænum. Stefnum við á að byrja á þessu verkefni eftir áramótin með áheitasundi og treystum á samhug og stuðning bæjarbúa í þessu þarfa verkefni til uppbyggingar sundíþróttarinnar hér í bænum.

Að lokum viljum við hjá sunddeildinni óska öllum þjálfurum, iðkendum sem og öllum Þingeyingum, gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

**Fyrir hönd Sunddeildar Völsungs og Sundráðs HSP  
Elísabet Sigurðardóttir.**

## Hugleiðing vegna forvarna

Almennar forvarnir taka til allra barna og ungmenna í sveitarfélaginu og fjölskyldna þeirra. Þær miða að því að skapa fjölskylduvænt umhverfi og búa börn og ungmenni sem best undir lífið, m.a. með því að stuðla að heilbrigðum lífsháttum, vímuefnalausri æsku og styrkja sjálfsmynd og siðferðisvitund barna og ungmenna.

Í sveitarfélaginu Norðurþingi er rekið umfangsmikið uppeldis-, fræðslu-, íþrótt- og æskulýðsstarf sem gegnir veigamiklu hlutverki í almennu forvarnastarfi. Má þar nefna almennt forvarnastarf innan félagsþjónustu, uppeldis- og forvarnastarf innan leik- og grunnskóla, félagsmiðstöðva og ungmennahúss. Auk þess styrkir sveitarfélagið ýmis félög og félagasamtök á sviði íþrótt-, tómstunda-, lista- og æskulýðsmála sem vinna með börnum og ungmenum.

Foreldrar gegna lykilhlutverki í öllu forvarnastarfi og mikilvægt er að gott samstarf sé milli foreldra og aðila sem koma að starfi með börnum og unglingum. Brýnt er að halda uppi mikilvægi forvarna og leita leiða til að stemma stigu við hvers konar áhættuhegðun.

Foreldrar og aðrir uppalandur þurfa að gefa skýr skilaboð um afstöðu gegn vímuefnaneyslu barna og unglinga. Nú fer í hönd sá tími þar sem gleði og eftirvænting ríkir en jafnframt sá tími þar sem mikilvægt er að hafa gott eftirlit með partyboðum og leyfa ekki eftirlitslausar skemmtanir.

**Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi nýtt ár!  
Jóhann Rúnar Pálsson  
Æskulýðsfulltrúi Norðurþings.**

# ÁRAMÓTABRENNA og FLUGELDASÝNING

KVEIKT VERÐUR Í  
ÁRAMÓTABÁLKESTI BÆJARINS  
KL. 16:30 ÞANN 31. DESEMBER.

KIWANIS KLÚBBURINN VERÐUR MEÐ  
FLUGELDASÝNINGU Í BODI NÖRÐURÞINGS  
ÚTSKRIFTARNEMAR FSH SJÁ UM AÐ TENDRA  
ELDINN.

KOMUM SAMAN OG KVEÐJUM ÁRIÐ 2009  
OG FÖGNUM ÞVÍ NÝJA.

MUNIÐ AÐ KOMA HVORKI MEÐ FLUGELDA NÉ  
BLYS AÐ BRENNUNNI, LÁTUM FAGMENNINA HJÁ  
KIWANIS SJÁ UM ÞÁ HLUTI.



NÖRÐURÞING ÆSKULÝDSFULLTRÚI

# Sundlaugin á Húsavík

## OPNUNARTÍMI UM JÓL OG ÁRAMÓT 2009-2010

AÐFANGADAGUR 24.12.  
KL.10.00-12.30

JÓLADAGUR	25.12. LOKAÐ.
ANNAR Í JÓLUM	26.12. KL. 10.00-13.00.
Sunnudagur	27.12. KL. 10.00-17.00.
Mánudagur	28.12. KL. 6.45-17.00.
Þriðjudagur	29.12. KL. 6.45-21.00.
Miðvikudagur	30.12. KL. 6.45-21.00.
GAMLÁRSDAGUR.	31.12. KL. 10.00-15.00.
NÝÁRSDAGUR.	01.01. /2008. LOKAÐ.

Aðra daga opið eins og venjulega.

FORSTÖÐUMAÐUR

Gleðileg jóla  
og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem er að líða.



**metro**  
hárstofa

Gleðileg jóla  
og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem er að líða.



**HÚSASMÍÐJAN**  
www.husa.is

Gleðileg jóla,  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem  
er að líða.



**RIFÓS HF.**  
við Lónin • Kelduhverfi • 671 Kópasker  
Sími: 465 2190 • Fax: 464 2191  
Netfang: rifos@rifos.is  
Kl. 500692-2869

Óskum Húsvíkingum  
öllum gleðilegra jóla og  
farsældar á komandi ári.  
Þökkum liðin ár.



Óskum viðskiptavinum okkar  
og Húsvíkingum öllum gleðilegra  
jóla og farsældar á komandi  
ári með þökk fyrir árið  
sem er að líða.



ICELANDIC BUS COMPANY  
**SBA-NÖRÐURLEIÐ**  
HAFNARSTRÆTI 82 • 600 AKUREYRI  
Sími: 5 500 700 • Fax: 5 500 701  
sba@sba.is • www.sba.is



Gleðileg jóla,  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem  
er að líða.



Þekkingarsetur  
Þingeyinga

Óskum Þingeyingum  
gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs,  
þökkum viðskiptin  
á árinu.



**Þatuhvinnan**  
Húsavík  
Tungata 1 • Húsavík • Sími 464 2222

Gleðileg jóla  
og farsælt komandi ár  
Megi framtíðin vera björt.  
Þökkum liðnu árin.



**FOSSHÓTEL**  
HÚSAVÍK

Sparisjóðurinn óskar  
viðskiptavinum sínum  
sem og öllum Þingeyingum  
gleðilegra jóla og farsæls komandi  
árs með þökk fyrir viðskiptin á  
árinu.



**SPARISJÓÐUR**  
SUÐUR-ÞINGEYINGA  
HÚSAVÍK • FOSSHÖLL • LAUGAR • ÞYVATNÝSSYTTI

# Frá Handknattleiksdeild

Handboltafólk frá Húsavík hefur víða komið við á árinu 2009. Af gömlum vana tóku okkar krakkar þátt í Íslandsmóttinu með tilheyrandi ferðalögum og skemmtilegheitum. Aðalmálið er nú samt þátttaka okkar krakka í hinu árlega Húsavíkurmóti í handbolta og ætla ég aðallega að fjalla um þetta frábæra mót sem haldið hefur verið hér til fjölda ára í þessum pistli. Húsavíkurmótið er fyrir krakka á yngri ári í 5. fl. pílta og stúlkna og er haldið hér vor hvert en það er að venju hápunkturinn í starfi handknattleiksdeildar Völsungs. Um síðustu áramót var tekin ákvörðun um að breyta fyrirkomulagi mótsins og gera það að hluta af Íslandsmóti. Hingað til hafði mótið alltaf verið til gamans og þar af leiðandi ekki talist til stiga til Íslandsmeistarátittils. Óhætt er að segja að þessi breyting hafi verið til góðs, því aldrei í sögu Húsavíkurmótsins hefur verið önnur eins þátttaka en yfir 500 keppendur mættu til leiks ásamt þjálfurum, fararstjórum auk fjölda allan af foreldrum sem komu til að fylgjast með sínum liðum.

Mótið var haldið dagana 23.-26. apríl sl. Þar sem fjöldi

keppenda var í sögulegu hámarki þurfti að spila á tveimur stöðum, hér á Húsavík og í íþróttahúsinu á Laugum.

Rútuferðir voru á milli Húsavíkur og Lauga á 2ja tíma fresti alla keppnisdagana.

Keppendur, fararstjórnar og foreldrar létu mjög vel af skipulagi mótsins og fannst alveg frábært að fá að fara í Lauga og spila, enda var sérstaklega vel tekið á móti keppendum sem þangað komu þar sem Sveinn Pálsson fór fyrir sínu fólki.

Viljum við hjá handknattleiksdeildinni þakka því starfsfólki sem þar var við störf þessa helgi sérstaklega fyrir frábært viðmót og aðstoð þessa daga sem mótið fór fram.

Það sama má segja um þá sem voru við störf í íþróttahöllinni á Húsavík þessa helgi, þar fann maður einnig vel fyrir miklum velvilja í garð þessa móts.

Mörg fyrirtæki smá og stór styrktu þetta mót og eiga stjórnendur þeirra miklar þakkir skilið fyrir velvilja í okkar garð og fyrir að aðstoða við að gera þetta mót sem eftirminnilegast fyrir keppendur. Það verður þó ekki hjá því komist að minnast á þátt Norðlenska í þessu sambandi en eins og allir vita þá er hann Sigmundur Hreiðarsson alveg einstaklega velviljaður að styrkja þetta mót með því að útvega allt kjötmeti sem til þarf ofan í alla þessa keppendur. Maturinn er síðan matreiðdur ofan í keppendur af því meistaraliði: Bigga, Danna og Gurrur. Það er líka gaman að geta þess að haft hefur verið eftir forsvarsmönnum þeirra félaga sem hingað koma að það sé sjaldnast vandamál að fá foreldra til að koma með sem fararstjóra á Húsavíkurmótið þar sem spurst hefur út að maturinn sem boðið er uppá hjá okkur á móttinu sé með eindæmum góður.



Frá Húsavíkurmóttinu.

Mynd: Þuríður Hallgrímsdóttir.



Troðfullir bekkir á Húsavíkurmóttinu 2009

Mynd: Þuríður Hallgrímsdóttir

Að sjálfsgöðu þökkum við öllum sjálfboðaliðunum sem komu að móttinu með einum eða öðrum hætti og gaman er að geta þess að enn er fólk að leggja fram vinnuframlag við þetta mót þó það eigi ekki krakka sem stunda handbolta, sem sýnir hvaða hug það ber til félagsins. Það er ljóst að án allra þessara sjálfboðaliða væri ekki hægt að halda þetta veglega mót.

Að lokum viljum við hjá handknattleiksdeild Völsungs óska þjálfurum, iðkendum sem og öllum Þingeyingum, gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

**Stjórn handknattleiksdeildar Völsungs:**  
**Valgeir Páll Guðmundsson, Unnur Guðjónsdóttir og**  
**Lúðvík Kristinsson**



# Jóla­kveðja

Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum óska félagsmönnum sínum og fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Framsýn-stéttarfélag  
Starfsmannafélag Húsavíkur  
Verkalýðsfélag Þórshafnar  
Þingið

Sveitarfélagið Norðurþing óskar Völsungum og landsmönnum öllum þjartrar framtíðar, gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnum árum.



**NORÐURÞING**



# Íþróttaskóli Völsungs



Í Íþróttaskóla Völsungs

## Æfingaskóli Völsungs

Æfingaskóli Völsungs er nú starfræktur þriðja veturinn í röð. Æfingaskólinn er unnin í samstarfi við Borgarhólsskóla. Börnin koma beint úr skólanum í æfingaskólann og eru þar í 60 min. Í haust bættum við einum árgangi við og er æfingaskólinn því í boði fyrir 1.-4. bekk. Viðtökurnar hafa verið nokkuð góðar og erum við með um 40 börn í skólanum núna um áramót. Töluvert hefur verið um það að eldri nemendur okkar frá því í vor hafi valið sér grein innan félagsins til að æfa og teljum við þá að tilgangi skólans sé náð, þ.e.a.s. að kynna greinarnar sem í boði eru hjá félaginu og að auka á fjölbreytileika í hreyfingu barnanna. Það hefur verið mikið fjör í tímunum hjá okkur og vonum við að krakkarnir hafi gaman að þessu og haldi áfram að taka þátt í Æfingaskólanum á meðan hann er í boði fyrir þau. Það er okkar von að þessi skóli sé kominn til að vera og hægt verði að þróa hann enn frekar í samstarfi við Borgarhólsskóla þannig að við getum kynnt fyrir sem flestum hvað er í boði hjá félaginu.

## Íþróttaskóli Völsungs

Íþróttaskólinn er starfræktur með örlítið breyttu sniði í ár. Sú breyting var gerð að hópnum hefur verið skipt í tvennt, þ.e.a.s. að yngstu börnin eru í einum hóp kl. 10:30 og eldri árgangarnir tveir eru svo kl. 11:20. Í haust eru skráð rúmlega 50 börn og er það alveg frábært. Foreldrar eru virkir að taka þátt og aðstoða börnin. Þau fá að spreyta sig á ýmsum æfingum og þrautum sem alltaf virðast vekja jafn mikinn áhuga og ánægju hjá þeim og ávallt eru börnin jafn þakklát þegar tíminn er búinn. Það eru alltaf mörg brosandí andlit sem mæta okkur á laugardagsmorgnum og vonum við að svo verði áfram þegar Íþróttaskólinn hefst að nýju eftir jólafrí.

**Bestu kveðjur  
Áslaug, Unnar og stelpurnar**



Í K E A

síðan 1886

Óskum árangurs og góðs tíðis  
í þessum jóla- og nýársloftum

# Frá Bocciadeild Völsungs 2009

## Árið 2009 var gott og ánægjulegt hjá Bocciadeildinni

Þá er enn lokið einu starfsárinu hjá Bocciadeild Völsungs og því hollt að rifja upp það helsta úr starfi deildarinnar á liðnu ári.

Æfingar og þjálfun hafa verið með hefðbundnu sniði, það er æft að jafnaði tvö kvöld í viku í flokki fatlaðra, en aldraðir æfa á daginn. Nýir liðsmenn komu að deildinni, Sigríður Hauksdóttir kom að þjálfun og Anna María Þórðardóttir kom ný inn í stjórn. Þátttaka í báðum flokkum áþekk og áður, þó hefur verið nokkur endurnýjun eins og gengur. Starf deildarinnar á árinu var þó að mörgu leyti með líku sniði og áður hvað varðaði æfingar, félagsstarf og þátttöku á mótum s.s. Íslandsmótum, árlegu Hængsmóti á Akureyri, og mótum hér heima. Á æfingar hjá deildinni mæta líka einstaklingar úr nágrenninu s.s. Reykjahverfi, Reykjadal og Bárðardal.



Okkar fólk tilbúið á lokahóf eftir Hængsmót 2009.

Fyrsta mót ársins var að venju „Opna Húsavíkurmótið í Boccia“ sem nú var haldið 21. febrúar í Íþróttahöllinni. Eins og á öllum fyrri mótum kom Kiwanisklúbburinn Skjálfandi

að öllum undirbúningi mótsins sem aðal stuðningsaðili auk þess að annast alla dómgæslu og merkingu valla.. Mótinu í ár stýrðu Bragi Sigurðsson formaður og Kristín Magnúsdóttir úr stjórn Bocciadeildar.

Mótið tókst í alla staði afar vel, þátttaka mjög góð eða 33 sveitir, hafa sjaldan verið fleiri, sem sýnir að bæjarbúar og fyrirtæki eru tilbúin að styðja við bakið á Bocciadeildinni með þátttöku, en þetta er fjárfestun fyrir deildina í formi firmakeppni.

Sigurvegarar eftir harða og drengilega keppni var lið frá Trésmiðjunni Rein ehf sem í voru Jóna Rún og Sigmar Stefánss., þau hlutu sæmdarheitið "Bocciameistari Húsavíkur 2009" og hlutu MSKP-bikarinn. Í 2. sæti var Lindi ehf (Lindi/Sveinn) og 3. sæti Norðurþing skrifstofa ( Kristbjörn/Guðmundur Guðjóns).

Að móti loknu var haldin uppskeruhátíð þar sem Kiwanismenn heiðruðu húsvískt íþróttafólk fyrir frækileg afrek á liðnu ári og lýstu kjöri á "Íþróttamanni Húsavíkur 2008", sem var Berglind Kristjánsdóttir, frjálsíþróttamaður og knattspyrnukona. Bocciamaður Húsavíkur árið 2008, 16 ára og yngri var Sylja Helgadóttir, og 17 ára og eldri Kristbjörn Óskarsson. Hvatningabikar ÍF hlaut að þessu sinni Vilberg Lindi Sigmundsson.

Þá afhentu Kiwanismenn styrki að upphæð kr. 1,1 millj. til góðra mála í sveitarfélaginu. .

Næsta mót ársins var svo Íslandsmótið í Boccia – liðakeppni, sem haldið var í Reykjavík 20. - 22. mars. Bocciadeild Völsungs sendi að þessu sinni tvær sveitir til keppni, A og B-sveit, A-sveitin keppti í 1. deild en B-sveitin í 2. deild. Árangur sveitanna var vel viðunandi þó ekki næðust þar verðlaunasæti, þar er verið að keppa við öll bestu lið landsins.

Farið var suður á bíl (P-70) á föstudag og keyrt aftur norður á mánudag, bílstjóri var Bragi formaður, en aðrir fararstjórar voru Kristín Magnúsdóttir og Sigríður Hauksdóttir. Tókst ferðin í alla staði vel, gist var á Hótel Cabin og mótið endaði á veglegu lokahófi.



Á lokahófi á Króknum 2008, eldri borgarar Adam, Tóta og Helen.

Þá var komið að Hængsmóti á Akureyri sem var 1. - 3. maí, en það er að styrkleika eins og Íslandsmót. Á Hængsmót mættu frá Völsungi 3 vaskar sveitir í flokki fatlaðra og 9 keppendur voru skráðir í einstaklings keppni, en því miður treystu eldri borgarar sér ekki á mótið að þessu sinni. Árangur okkar fólks var mjög góður og endaði A sveitin með Kidda, Olla og Ása í 3. sæti með bronsverðlaun og einstaklingar frá okkur komust áfram í úrslit og Kristbjörn náði þar einnig bronsverðlaunum. Að venju var gist að Lónsá, og ferðast á einkabílum.

Íslandsmót í boccia einstaklingskeppni var að þessu sinni haldið á Selfossi, dagana 3. og 4. október. Mótshaldari að þessu sinni var íþróttafélagið Suðri á Selfossi, en aðalstjórnandi þar er Húsvíkingurinn Þorbjörg Vilhjálmssdóttir.

Frá Völsungi mættu 8 keppendur, einn keppti í 1. deild, þrír

í 2. deild, þrjár í 4. deild og svo Sylgja í 6. deild sem er nýliði á Íslandsmóti. Árangur okkar fólks var góður, komumst í úrslit bæði í 1. deild og 4. deild og vann Kristbjörn Óskarsson til bronsverðlauna í 1. deild.

Keyrt var suður á föstudag á rútu frá Rúnari Óskarssyni og heim aftur á mánudag. Bílstjóri var formaður deildarinnar Bragi Sigurðsson, og þetta fyrirkomulag með góðum stuðningi frá fyrirtæki Rúnars gerir okkur fært að fara í slík keppnisferðalög.

Lokamót 2009 var svo árlegt Norðurlandsmót 31. október s.l. sem Íþróttafélagið Eik á Akureyri hélt að þessu sinni, og fóru keppendur Boccideildar galvaskir að venju á rútu frá Rúnari undir handleiðslu Braga formanns og bílstjóra. Til leiks mættu frá Boccideild ÍFV 4 lið frá fötluðum og 1 lið eldri borgara.

Tókst mótið í alla staði vel, komust lið frá okkur í úrslit en því miður ekki á verðlaunapall. Í lok mótsins var glæsilegt lokahóf og dansað fram eftir kvöldi.

Það var þreyttur mannskapur sem skilaði sér til Húsavíkur þegar komið var fram á nótt eftir skemmtilegt ferðalag.

Gott starf hefur verið hjá Boccia-deildinni á árinu, verkefnið svipuð og fyrri ár. Starfið hefur gengur að öllu leyti mjög vel fyrir sig hvort sem um er að ræða æfingar, ferðir á mót, eða innra félagsstarf, enda valinn maður í hverju plássi. Árangur góður og andinn í hópnum frábær og markmiðið að sjálfsgöðu að gera enn betur á næsta ári.

Stjórn Boccideildar ÍFV er lítið breytt undir traustri stjórn formanns Braga Sigurðssonar, og dyggri aðstoð stjórnarmannanna Kristínar Magnúsdóttur, Egils Olgeirssonar og Önnu M. Þórðardóttur. Þjálfun annast Sigríður Hauksdóttir.

Allt frá stofnun deildarinnar hefur Kiwanisklúbburinn Skjálfandi verið traustur bakhjarl, veitt deildinni fjárhagslegan stuðning, komið að þjálfun og aðstoðað við mót, eins var þetta árið og er þessi stuðningur íþróttafólkinu ómetanlegur.

Vill Boccideild Völsungs um leið og þakkað er fyrir liðið ár koma á framfæri bestu kveðjum og þökkum til allra sem stutt hafa deildina dyggilega á liðnu ári.

**Gleðileg jól, og farsælt komandi ár  
Þess óskar Boccideild ÍFV  
des. 2009/Egill Olgeirsson**



*Óskum landsmönnum  
öllum gleðilegra jóla*

*Um leið og við siglum inn í nýtt ár óskum  
við þjóðinni farsældar og þökkum samstarfið  
og stuðninginn undanfarin 95 ár.*

Heimabakarískan Völsungum  
sem djöfnum þingeyringum  
gleo í gegna jóla  
afurðadarkomandi.



## Leggðu góðu málefni lið

Nú þegar jólaljósin kvikna eitt af öðru breytir samfélagið um lit. Á sama tíma og við leitum að gjöfum handa okkar nánustu vikkar sjóndeildarhringurinn og okkur langar að leggja okkar af mörkum til þeirra sem eiga við erfiðleika að etja í lífinu. Af því að stór þáttur í manneskjunni er að vilja skipta máli og taka þátt í að skapa umhverfi sitt og samfélag.

Í Einkabankanum og Fyrirtækjabankanum á landsbankinn.is er þjónusta sem auðveldar einstaklingum og fyrirtækjum að styðja við góð málefni. Á einfaldan hátt er hægt að velja á milli 80 góðgerðarféлага og leggja þeim lið með einni greiðslu eða með reglubundnum hætti allt árið. Það er auðvelt að byrja og auðvelt að hætta.

Það er auðvelt að skipta máli.

landsbankinn.is | 410 4000



## Meistaraflokkur karla

Það var ekki erfitt að segja já þegar ég var beðinn um að hjálpa til við að þjálfra meistaraflokkinn hjá strákunum í kringum áramótin síðustu. Þarna er flokkur fullur af skringilegum karakterum sem maður kannast við eftir að hafa þjálfað þá flesta í yngri flokkunum. Einhvern vegin ætlaðist þetta svo þannig að við nafni (Jóhann Rúnar Pálsson) tókum alfarið við flokknum og stýrðum honum út tímabilið. Ég sé ekki eftir því.

Þrátt fyrir að hafa byrjað í janúar þá voru strákarnir í þokkalegu standi og voru fljótir að komast á skrið í æfingunum. Vel var mætt á æfingar og dugnaðurinn mikill. Greinilegt að menn ætluðu sér ekki að dvelja lengi í þessari 3. deild. Strákarnir voru m.a.s. gríðarlega einbeittir og áhugasamir í „jóga“tímunum hjá Guðrúnu í litla salnum!

Soccerade-mótið gekk ágætlega og Lengjubikarinn enn betur. Greinilegt var að stígandi var í hópnum og spili liðsins. Eftir þessar tvær keppnir og æfingaferð austur voru menn klárir að takast á við sumarið. Við hófum leik gegn slöku liði Einherja hér heima og greinilegt að andstæðingurinn var nýskriðinn úr hýði þegar þeir komu í heimsókn. 7-1 sigur og sennilega hefði verið betra að byrja gegn erfiðari andstæðingi því nú sveif sáldur kæruleysis um meðal manna sem varð til þess að við klúðruðum bikarkeppninni gegn Dalvík/Reyni hér heima í eftirminnilegu Krubbsveðri.

Menn rifu sig upp og fóru að vinna leiki aftur. Um miðbik og seinnipart tímabils misstum við einbeitinguna aðeins aftur og fórum að gera hræódýr jafntefli útum allar trissur. Það var óþarfi en kannski verður að líta á björtu hliðarnar og horfa í að við töpuðum ekki leik í Íslandsmótinu í sumar. Geri aðrir betur!

Við fengum til okkar nokkra „gamla“ Húsvíkinga til aðstoðar en fyrir tímabilið flutti Sveinbjörn markmaður til okkar og var hér í sumar. Boban Jovic kom til okkar fyrir tímabilið frá Serbíu og það er ómetanlegt að hafa svona reynslujálk í hópnum. Það er ekki bara í leikjum sem hann gerir gagn því inni á æfingunum sjálfum læra menn mikið af svona snillingum. Í félagaskiptaglugganum fengum við svo Svavar Cesar jr. markmann til okkar og vorum því vel settir með þá stöðu. Einnig fengum við Jón Hafstein og Hemma Alla til að auka breiddina og fylla á reynslutankinn fyrir lokaátökin og þá sérstaklega úrslitakeppnina. Þessir jarlar smullu auðvitað inni hópinn og þetta gekk allt saman eftir.

Frækilegir sigar í úrslitunum enduðu svo á öruggum sigri gegn KV í úrslitaleiknum sem tryggði okkur bikarinn og fyrsta titilinn í þó nokkur ár. Það er samt í raun bara eitt sem þetta gerir og það er að nú vilja menn meira! En það er af hinu góða.

Mjög eftirminnilegu sumri með mjög eftirminnilegum hópi lokið á glæsilegan hátt og þeir höfðu á orði strákarnir með bikarinn í höndunum: „Það er út af þessu sem maður er í þessu!“

Það er óhjákvæmilegt að svona ungt og efnilegt lið veki athygli á landsvísu enda hefur þó nokkuð verið um að spurt sé hvort þessir guttar ætli ekki að fara að flytja suður og fara í skóla o.s.frv. Þá hugsa liðin sér gott til glóðarinnar að fá ódýran, góðan dreifbýling í sínar raðir. Við reiknum með að hópurinn verði nánast eins í 2. deildinni næsta sumar og heldur að það bættist í hann frekar en hitt.

Undirritaður þakkar strákunum, meðþjálfara, stjórn, styrktaraðilum og auðvitað áhorfendum og öllum sem studdu við bakið á okkur í sumar alveg kærlega fyrir eftirminnilegt tímabil.

*Jóhann Kr. Gunnarsson*



Íslandsmeistarar í 3. deild - Völsungur.

## Pistill frá Jóa Páls.

Árið sem er að líða var viðburðarríkt og skemmtilegt í fótboltanum. Undirritaður og Jóhann Kristinn Gunnarsson voru fengnir til að þjálfra m.fl. karla tímabundið eða þangað til þjálfari yrði ráðinn. Einhvern veginn atvikaðist það svo að gengið var frá samningi þess eðlis að áframhald varð á þjálfuninni út keppnistímabilið.

Markmiðið var einfalt og skýrt strax í upphafi. Upp skyldi um deild. Óhætt er að segja að leikmenn og aðstandendur liðsins hafi lagt töluvert á sig til að ná settu marki. Mikið æfingaálag var allan veturinn og menn lögðu m.a. á sig að mæta 05:45 suma morgna til að ná tímum í höllinni. Einnig voru farnar ýmsar óhefðbundnar leiðir við uppbygginguna s.s. að fá Guðrúnu Kristins til að kenna ýmsar

sértækar styrktar- og teygjuæfingar. Þetta skilaði sér um sumarið í ágætu formi og lágri meiðslatiðni. Völsungur tapaði ekki leik í 3. deildinni sumarið 2009 og stóð uppi sem 3. deildarmeistari eftir keppnistímabilið. Um töluvert afrek er að ræða þar sem 3. deildin er orðin töluvert sterk og mörg ágæt lið. Lið sem fallið hafa í 3. deildina hafa oft átt í ströggli með að komast upp úr henni aftur. Einungis var um 1 tapleik að ræða og var það í miklum vindaleik í bikarkeppninni. Það sem stendur uppúr eftir sumarið er það að strákarnir sýndu oft á tíðum mikinn karakter og baráttuvilja. Hættu aldrei og alltaf var trú á það að fara í gegnum mótið taplausir. Mikilvægt er að halda því inni að hafa trú á sjálfum sér og leggja rækt við heilbriggt og skynsamlegt líferni. Það er trú undirritaðs að sá hópur sem kláraði mótið í sumar eigi fullt erindi í toppbaráttu 2. deildar og verður það verðugt verkefni fyrir strákana og Jóa þjálfara að gera atlögu að 1. deildarsæti næsta sumar.

Fjölmargir komu að því að láta hlutina ganga upp í sumar sem leið og kann ég þeim bestu þakki fyrir. Samstarfið við nafna minn var með miklum ágætum og er það von mín og trú að hann komi liðinu á enn hærra plan á komandi árum og óska ég honum og Völsungi alls hins besta í því.

**Knattspyrnukeðjur.**  
**Jóhann Rúnar Pálsson**

## Meistaraflokkur kvenna



Úr bikarleik Völsungs og Vals.

Þetta var annað árið sem þjálfari starfaði með meistaraflokki kvenna hjá Völsungi. Allir voru staðráðnir í að lyfta leik liðsins enn hærra og gera okkur enn samkeppnishæfari á landsvísu.

Æft var af kappi í höllinni, þreksalnum og í Töff-sport undir dyggri leiðsögn Þórs Stefáns, Fannars og Elísu. Ekki þarf að velta því fyrir sér hversu mikilvægar þær æfingar voru og ekki spurning að þau í Töff hertu svo um munar í stelpunum okkar. Við kunnum þeim snillingum svo sannarlega bestu þakki fyrir mjög svo ósérhlífna vinnu.

Í Lengjubikarnum gekk allt að óskum og leiðin lá vandræðalaust í úrslitaleikinn sem spilaður var gegn Haukum og fór leikurinn fram á Akranesi. Þar fundum við uppskrift að leik við Hauka en hún er þannig: Við komumst yfir í fyrri hálfleik, erum yfir þar til seinni hálfleikur er ca hálfnaður og eftir það skora haukar tvö mörk og vinna leikinn. Þrír leikir við Hauka í sumar fóru allir á þennan veg.

Eftir glæsilega byrjun á Íslandsmótinu gegn ÍA á Skaganum þar sem við unnum 4-0 var sjálfstraustið í botni. Það má alveg segja að það hafi haldist þannig út sumarið með örfáum undantekningum. Það er skemmst frá því að segja að sumarið hafi gengið að óskum en við komum okkur í úrslit í mikið erfiðari riðlinum og náðum frábærum úrslitum gegn mjög sterkum liðum. Við fengum liðsstyrk frá Akureyri og hjálpaði það mikið til. Við þökkum Evu Ben og Elvu Marý kærlega fyrir samstarfið.

Fyrir sumarið settum við okkur markmið og þau voru að komast í úrslitin og sjá svo til eftir það. Reyna að byggja upp reynslumeira lið sem gæti gert verulegt tilkall til úrvalsdeildarsætis á næstu árum. Þetta tókst og gott betur því í úrslitunum gerðu stelpurnar sér lítið fyrir og lögðu lið HK/Víkings að velli en þær höfðu spilað í úrvalsdeild á síðasta tímabili og unnu hinn riðillinn nokkuð örugglega. Frábær árangur og verulega vel gert hjá liðinu. Tímabilið kláraðist svo þegar við mættum Haukum en þær voru of stór biti að kyngja og svo fór að þær höfðu betur og leika þ.a.l. í úrvalsdeild á næsta tímabili. Engu að síður þá náðist

markmið okkar og það sýnir okkur bara að menn verða greinilega að hafa fyrir því að ná markmiðum sínum. Einnig vitum við nú að það má ekki hika við setja markmiðið hátt og ætla sér virkilega að ná því!

Hápunktur sumarsins var klárlega þegar við komumst áfram í bikarnum eftir stórsigra heima gegn Fjarðabyggð og úti gegn Sindra og Harpa fyrirlíði dró hvorki meira né minna en Íslandsmeistara Vals sem næstu mótherja! Fengum þar heimaleik sem gleymist aldrei. Stelpurnar lögðu allt í sölurnar og létu Valsarana heldur betur hafa fyrir hlutunum. Eftir að hafa haldið aftur af Íslandsmeisturunum lengst af í fyrri hálfleik náðu þær rauðklæddu að lauma inn einu marki og þannig var staðan þar til okkar stelpu sprungu í síðari hálfleik. Líklega hafa stelpurnar okkar aldrei hlaupið jafn mikið, barist jafn mikið og tekið jafn mikið á í heildina og í þessum leik. Það sýndi sig líka í krömpum og þreytu eftir leik enda ekki gramm af orku eftir. Glæsileg frammistaða og þarna spiluðu stelpurnar okkar stóra rullu sem fyrirmyndir fyrir unga iðkendur í fótboltanum á Húsavík sem hjálpuðu til við að troðfylla brekkuna í blíðuveðri. Ógleymanleg stund sem gaman er að hafa tekið þátt í.

Þessi hópur okkar er nú reynslumeiri, betri og samstilltari en nokkru sinni fyrr og nú eru yngri stelpurnar skrefi nær að koma inni meistaraflokkinn. Þetta segir okkur bara að það sé bjart framundan í kvennboltanum hjá okkur. Mikill vill meira!

Þjálfari þakka stelpunum, stjórn, áhorfendum, styrktaraðilum og öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn í sumar kærlega fyrir samstarfið og vonandi að menn haldi áfram á sömu braut.

**Jóhann Kr. Gunnarsson**

Knattspyrnuráð hefur litlu við að bæta öðru en þakklæti til leikmanna, þjálfara, styrktaraðila og stuðningsmanna fyrir að taka þátt í því að gera sumarið 2009 að ógleimanlegu sumri. Jósep hefur sagt sig úr knattspyrnuráði og þökkum við sem eftir sitjum honum gott samstarf og lýsum um leið eftir einhverjum áhugasömum knattspyrnuáhugamönnum til að manna ráðið með okkur. 1 væri gott en 2 væri betra því að í nógu er að snúast við að byggja ofan á þann árangur sem náðst hefur. Jón Höskuldsson, Júlíus Bessason, Jósep Sigurðsson, Baldvin Áslaugsson og Sveinn Aðalsteinsson þakka kærlega fyrir sig og óska Völsungum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

# Jólaannáll Siglingaklúbbs Völsungs

Siglingasumarið 2009 var mjög gott. Haldin voru tvö námskeið, eitt dagsnámskeið og eitt vikunámskeið. Leiðbeinendur komu frá Siglingaklúbbum Nökkva á Akureyri á bæði námskeiðin. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til með námskeiðin, 12 börn komu á fyrra námskeiðið og 24 börn á seinna námskeiðið sem var í tengslum við Mærudagana. Á laugardeginum á Mærudögum voru krakkarnir með sýningu og sigldu þau m.a. inn í höfnina. Við eigum orðið nokkra efnilega siglara sem eru búnir að koma ár eftir ár á námskeið hjá okkur. Norðursigling bauð svo hópnum í siglingu á Hauknum og var það mjög fróðlegt og ferðin skemmtileg.

Einn efnilegur siglari, Guðbjörg Aðalsteinsdóttir, skellti sér suður í ágúst á Íslandsmótið og gekk það mjög vel hjá henni. Guðbjörg er þar með fyrsti keppandi Völsungs í siglingum. Frábært hjá stelpunni!

Norðursigling gaf klúbbum notaðan mótorbát í sumar sem gerir klúbbum kleift að hafa æfingar, þar sem krakkar sem skráðir eru í klúbbinn geta komið og siglt. Við viljum færa Norðursiglingu þakki fyrir þessa frábæru gjöf.

Í ágúst var svo opið nokkra daga fyrir æfingar. Foreldrar sáu þá um að vera til taks í fjörunni og á mótorbátum.

Það er von okkar að við verðum enn öflugri komandi sumar og getum siglt hér um fjöruna okkar tvisvar í viku og fengið svo Nökkva –menn með eitt námskeið.

Að lokum viljum við þakka öllum sem hafa staðið í þessu með okkur fyrir hjálpinu og þökkum krökkunum kærlega fyrir samveruna og skemmtilegar stundir í fjörunni.

**Bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi árum.**

**Siglingaklúbbur Völsungs:**

**Sæunn Helga Björnsdóttir og Ingólfur Freysson**



## Frá Frjálsíþróttadeild Völsungs

og mjög áhugasamir. Hins vegar mætti þeim fjölga og eru nýir iðkendur ávallt velkomnir.

Hin ýmsu mót voru sótt t.d. Stórmót ÍR í Laugardalshöll, Meistaramót Íslands í ýmsum flokkum bæði úti og inni, Unglingalandsmót og Landsmót UMFÍ. Einnig stóð Frjálsíþróttafélag HSP fyrir nokkrum mótum: Í apríl og nóvember voru haldin Héraðsmót innanhúss í Íþróttahöllinni á Húsavík. Æfingamót var haldið í maí, Sumarleikar í júní og Héraðsmót fullorðinna og Ágústsmót HSP í ágúst, á Laugavelli. Frjálsíþróttakrakkar HSP stóðu sig mjög vel á þessum mótum, bættu sinn árangur, komu heim með fjölda verðlaunapeninga og jafnvel nokkra Íslandsmeistararitla.

Fjáraflanir hafa gengið vel. Jólappír var seldur og eitt Bingó haldið. Einnig hafa undanfarin ár verið sérprentuð dagatöl með ljósmyndum úr frjálsíþróttastarfinu og er dagatal fyrir árið 2010 í vinnslu núna. Verður það borið í hús um leið og það kemur úr prentun. Félagið sá svo um Frjálsíþróttaskóla UMFÍ á Laugum. Tæplega 20 krakkar tóku þátt og lærðu t.d. fyrstu tókin í stangarstökki hjá Póreyju Eddu Elísdóttur, nýjar styrktaræfingar og tækniæfingar hjá Valgerði Jónsdóttur og fóru í ýmsa leiki bæði úti og inni með Hnikarri. Það voru þreyttir og glaðir krakkar sem fóru heim að skólanum loknum.



Völsungar í frjálsum.

Mynd: Vilborg Sverrisdóttir.

Um síðustu áramót var Frjálsíþróttadeild Völsungs lögð niður og nýtt félag, Frjálsíþróttafélag HSP, yfirtók starfsemi. Þar með var öll frjálsíþróttaiðkun á félagssvæði HSP komin undir einn hatt.

Þetta ár var frjálsíþróttakrökkum HSP gott. Æfingar fóru fram bæði á Húsavík og á Laugum og voru krakkarnir duglegir að mæta á æfingar

Uppskeruhátið var haldið á Laugum í byrjun september. Verðlaunaafhending vegna mótanna í ágúst fór fram, hamborgarar grillaðir, leikið og spjallað í fallegu en ísköldu veðri.

Takk fyrir gott samstarf á árinu, frjálsíþróttakrakkar og fjölskyldur.

**Bestu óskir um gleði og frið á jólum,**

**Stjórn Frjálsíþróttafélags HSP**

# Jólapistill

## Skíðadeildar Völsungs 2009

Árið 2009 var ágætur skíðavetur. Lyftan í Melnum var opin í c.a. 40 daga og gaman að sjá hvað margir komu í brekkuna. Snjórinn hefði samt mátt vera meiri, þetta var frekar þunnt lag af snjó, en allavega hægt að hafa opið. Þó ekki nóg til að hafa æfingar þar sem erfitt er að stinga niður stöngum í svona örþunnt lag af snjó.

Stefán Jón Sigurgeirsson keppir fyrir félagið en æfir með landsliðinu og er að gera frábæra hluti á skíðunum. Hann stendur sig rosalega vel kappinn og við erum voða stolt að eiga svona afreksmann á skíðum og er hann flott fyrirmynd fyrir unga fólkið okkar.

Tveir iðkendur voru hjá Völsungi fyrir utan Stefán Jón þennan vetur. Engar æfingar voru hér heima þó lyftan hafi aðeins verið opin, heldur var æft með Mývetningi undir stjórn Þorvaldar Þorsteinssonar. Byrjuðum við að fara á æfingar hjá þeim um miðjan febrúar. Gekk það samstarf afar vel og var mjög gaman með Mývetningunum og þökkum við þeim kærlega fyrir veturinn.

Við fórum eina æfingaferð á Siglufjörð með Mývetningi

helgina 20. – 22. febrúar. Þar var nóg af snjó en veðrið hefði mátt vera betra. Mjög skemmtileg og árangursrík ferð.

Fyrsta mótið í Bikarmótarið SKÍ sem Kristófer Reykjálín Þorláksson tók þátt í var á Dalvík um mánaðamótin febrúar-mars. Þar varð hann í 20. sæti í svigi og 34. sæti í stórsvigi af 38 keppendum. Á Dalvík fengum við fínt veður og var mjög gaman þar. Við fórum með Mývetningunum á öll bikarmótin. Næsta Bikarmót var í Oddsskarði seinni partinn í mars. Þar varð hann 23. í svigi og 29. í stórsvigi af 36 keppendum. Í Oddsskarði var þvilíka bongó blíðan, glampandi sól og veðrið gerist ekki flottara. Sáum hvað þetta er rosalega flottur staður, bara eins og maður væri mættur í Alþana.

Unglingameistaramót Íslands var haldið í Tungudal á Ísafirði 4. – 6. apríl. Þar varð hann í 16. sæti í svigi og 18. sæti í stórsvigi af 31 keppenda. Þar vorum við mjög heppin með veður og var mjög gaman.

Andrésar Andarleikarnir voru svo á sínum stað, 23. - 25. apríl. Það var nú bara hlegið að okkur í skrudgöngunni því við vorum svo fá og tókum svo lítið pláss. Tveir keppendur og jafnmargir fullorðnir. Strákarnir reyndu samt að láta heyra í sér og voru duglegir að nýta sér söng liðsins fyrir aftan okkur í röðinni.

Andrés klikkar ekki, alltaf jafngaman þar. Veðrið var ágætt fyrsta daginn, ansi blautt annan daginn og gott veður en þoka síðasta daginn. Okkar keppendum gekk ágætlega, Kristófer varð í 13. sæti í svigi og 9. sæti í stórsvigi af 20 keppendum og Fannar Reykjálín Þorláksson komst á verðlaunapall í stórsviginu, endaði þar í 4. sæti af 33 keppendum.

Engin Héraðsmót voru haldin þennan veturinn.

Við enduðum svo skíðavertíðina á að fara á Guffa leikana í Mývatnssveit, þar sem keppendur mega keppa í grímubúningum, bæði börn og fullorðnir. Alltaf jafn gaman á Guffa og gott að enda vertíðina á svona fjörugu og skemmtilegu móti.

Enn dreymir okkur um að Norðurþing fari að gera eitthvað í aðstöðu fyrir skíðaiðkun í sveitarfélaginu og byggji upp skíðaparadis á Reykjaheiðinni! Þar hefði verið fínt að skíða s.l. vetur.



Fannar Reykjálín á Andrésar Andarleikumum.

Mynd: Sæunn Björnsdóttir

*Skíðadeildin óskar öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs,  
Sæunn Helga Björnsdóttir  
Skíðadeild Völsungs*

## Söfnum gömlum tölvum og farsímum.

Knattspyrnukrakkar sem skrifuðu undir vímuvarnarsamning á dögnum og stefna á ferðalag sumarið 2011 hafa undanfarið verið að safna notuðum tölvum og farsímum. Krakkarnir hyggjast halda þessu áfram og hafa verið settir upp söfnunarkassar á eftirtöldum stöðum. Shell, Kaskó og N1. Einnig ætla Bókabúðin og Öryggi að safna því sem til þeirra kemur. Viljum við endilega að fólk losi sig við gamla dótið þegar það endurnýrar. Búnaðurinn er svo sendur á fyrirtæki sem heitir Græn framtíð sem hirðir það sem er nothæft og kemur í notkun annars staðar.



# Frá fimleikadeild

o o o o o o o o o o

Skemmst er frá því að segja að vetrarstarfi fimleikadeildarinnar lauk í vor með glæsilegri sýningu. Sýningin að þessu sinni var með aðeins breyttu sniði þar sem engin innanhúskeppni fór fram. Gaman er líka að segja frá því að allmargir lýstu ánægju sinni með hana og búningarnir settu svip á allt. Í vor hætti Ólafía sem þjálfari hjá okkur og þökkum við henni vel unnin störf. Í stað hennar var Guðrún Einarsdóttir ráðin. Hún útskrifaðist frá Íþróttakennaraskólanum að Laugarvatni síðastliðið vor með áherslu á fimleika. Við erum afar montnar að hafa nælt í hana.



Tekið á jólasýningunni 6. des. Stjórnin ásamt fleiri góðum mömmum og ömmum saumuðu jólabúning á allan hópinn.  
Mynd: Milla

Haustönnin hefur heldur betur verið annamikil hjá okkur og erum við að uppskera vel eftir mikla vinnu í fjáröflunum og uppbyggingu. Í fyrra breyttum við til og kepptum í Trompfimleikum eingöngu. Þannig keppnisfyrirkomulag var ekki að henta þannig að við snerum aftur í Almenna Fimleika. Í október fórum við með 17 stelpna hóp á þrepamót í Mosfellsbæ. Þar kepptu um 250 krakkar og erum við himinlifandi og afar stoltar að segja frá því að við komum heim með 18 verðlaunapeninga. Þrjár af þeim stelpum sem þar lentu á palli komust svo áfram á úrslitamót til Íslandsmeistara sem haldið var á Selfossi síðustu helgina í nóvember. Þetta voru þær Þóra Kristín Sigurðardóttir, Sigrún Lilja Sigurðardóttir og Huld Grímsdóttir. Þær stóðu sig frábærlega og erum við afar stoltar af þeim.

Gríðalega góð fjáröflun hefur átt sér stað innan deildarinnar síðust ár og erum við að uppskera vel þar. Keypt var til landsins nýtt keppnistrampólín og sívalnings löguð dýna. Gömlu tvö keppnistrampólínin voru komin vel til ára sinna og orðin of slök. Sívalningurinn er nýjung sem notaður er til þjálfunar á réttri beitingu líkamans í stökkum. Svo að fólk

geri sér grein fyrir hvað við erum að tala um þá hljóp kostnaðurinn við þessi kaup yfir fjögurhundruð þúsundin. Fimleikadeildin vill þakka kærlega fyrir sig eftir árið 2009 og leggur jákvæð af stað inni nýtt ár.

**Stjórnin**

**Emilía Aðalsteinsdóttir**

**Guðrún Kristinsdóttir**

**Inga Stína Steinbergsdóttir**

**Laufey Marta Einarsdóttir.**

o o o o o o o o o o

## Borðtennisdeild

### Fréttir frá borðtennisdeildinni

Starfssemin var með hefðbundnum hætti, tvær æfingar á viku til vors. Sú fyrri í umsjá sóknarprests og sú síðari í umsjá Sigurðar Helgasonar. Um 10 áhugasamir drengir æfðu fram á vor og skiluðu sér aftur í haust.

Einhverjir hættu en aðrir komu í staðinn. Ég ákvað að bæta við þriðja æfingatímanum fyrir bumbubanana. Sá fyrsti braut nýja spaðann sinn og lét ekki sjá sig eftir það, annar varð svo sveittur að hann lak niður eins og jólasnjör og hvarf. Og sá þriðji lýsti því yfir fyrir aðra æfingu að hann væri alltof þreyttur og mætti ekki aftur. Þannig að ég varð að sætta mig við það að spila við vegginn á bumbubanaæfingunum á mánudagskvöldum kl. 20. Ég var farinn að halda að þessi íþrótt væri ekki fyrir fullorðna. Ég er frekar þrjóskur að eðlisfari og ákvað að afsanna þetta fyrir sjálfum mér þegar ég hélt suður eftir páska og fékk bronsverðlaun í öldungaflokki 50-59 ára. Ég fékk fallegasta verðlaunapening sem ég hef aldrei séð því að stjórn Borðtennissambands Íslands gleymdi að gera ráð fyrir verðlaunum í þessum flokki. Fáheyrnt í íþróttastarfssemi hér á landi. Það er unga kynslóðin sem hefur haldið uppi merkinu í íþróttinni hér á Húsavík. Um 10 drengir hafa verið duglegir að mæta tvisvar í viku. Í byrjun desember áttum við saman skemmtilegt samfélag í aðstöðu Völsungs eftir æfingu, snæddum 5 pizzur og drukkum átta lítra af gosi. Þeir skoruðu allir 10 á klerkinn í borðtennis sem hafði þá flesta undir á loftinu því að hann gætti þess að hafa hverja lotu upp á sex en ekki ellefu svo að hann yrði ekki að niðurlotum kominn. Að lokum var farið í spurningaspilið „Gettu betur“.

Það gefur mér mikið að umgangast þetta unga fólk og þakka ég fyrir það.

Svo þakka ég þér lesandi góður fyrir að hafa gefið þér tíma til að lesa þessar línur og óska þér gleðilegra jóla fyrir hönd borðtennisdeildar Völsungs. Góðar stundir.

**Sighvatur Karlsson, þjálfari**

# Svíþjóðarferð sumarið 2009

-efnilegt íþróttafólk og skemmtilegir unglingar



Þátttakendur, þjálfarar og fararstjórar á Gothia Cup í Svíþjóð sumarið 2009.

## Upphaf verkefnisins

Haustið 2004 ákváðu þjálfarar og forsvarsmenn Íþróttafélagsins Völsungs og foreldrar, í samvinnu við iðkendur í 3. aldurflokki í knattspyrnu að stefna að keppnisferð erlendis sumarið 2005 sem hluta af forvarnarverkefni. Markmið með verkefninu er að:

- styrkja þátttöku unglिंगanna í íþróttinni
- auka samvinnu og samkennd milli unglिंगanna (liðsandann)
- bæta ástundun og árangur
- styðja unglिंगana til að taka skýra afstöðu gegn reykingum og áfengisneyslu
- kynnast og kljást við knattspyrnumenn og frá öðrum löndum

Í júlí 2005 fóru 44 unglingar á stærsta knattspyrnumót ungmenna í heiminum, Gothiacup, sem haldið er árlega í Gautaborg í Svíþjóð. Í framhaldi af þessu verkefni var ákveðið að annar hópur færi eftir tvö ár, árið 2007 fóru 39 unglingar og í júlí s.l. fór þriðji hópurinn – 39 unglingar.

## Öflugt forvarnarverkefni

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að börn og unglingar taki þátt í jákvæðum félagsskap, hreyfi sig reglulega og þjálfist í uppbyggilegum samskiptum við liðsfélaga og andstæðinga innan og utan keppnisvallar.

Almennt er ástundun og árangur barna og unglinga í Íþróttafélaginu Völsungi til mikils sóma. Í því skyni að halda í iðkendur á viðkvæmum unglingsárum (og jafnvel fjölga þeim), viðhalda áhuga og ástundun og styðja unglिंगana og fjölskyldur þeirra til að taka eindregna afstöðu gegn reykingum og vímuefnum, var ákveðið að tengja saman þátttöku í knattspyrnunni, undirbúning og ferðalag á mót erlendis og skilyrðislausu ákvörðun um að reykja ekki eða neyta áfengis. Við upphaf undirbúnings fyrir keppnisferðina til Svíþjóðar var gerður samningur milli hvers og eins iðkanda, Íþróttafélagsins Völsungs og foreldra, um bindindi og ástundun. Framkvæmd þessa samnings hefur almennt gengið vel, enda var þátttaka í ferðinni í húfi.

## Undirbúningur og fjáröflun

Í október 2007 hófst undirbúningur ferðarinnar sem farið var í júlí 2009. Skrifað var undir forvarnarsamninginn og foreldrar skipulögðu fjáröflun og undirbúning.

Í kjölfar efnahagskreppu í október 2008 og mikils gengisfalls krónunnar, varð ferðalagið töluvert dýrara en áætlanir höfðu gert ráð fyrir og fjáröflun varð einnig marktækt erfiðari. Grunn ferða- og dvalarkostnaður á Gothiacup nam kr. 103þ. á þátttakanda. Þegar tekið var tillit til aukakostnaðar og sameiginlegs kostnaðar vegna þjálfara og fararstjóra, varð niðurstaðan sú að heildarkostnaður á hvern ungling var kr. 140þ. Með mikilli vinnu foreldra og unglिंगanna og góðum stuðningi bæjarbúa, nokkurra fyrirtækja, félaga og stofnana náðist að safna um kr. 100þ. á ungling, þannig að eftir stóðu um kr. 40þ. kostnaður á ungling.

## Gothiacup í Gautaborg

Laugardagsmorguninn 11. júlí var lagt af stað í langþráð ferðalag til Svíþjóðar, 39 unglingar, 6 fararstjórar og 2 þjálfarar. Fyrsti áfangastaður var Grindavík, þar sem stúlkurnar áttu leik í Íslandsmótinu á móti heimamönnum. Morguninn eftir var flogið til Kaupmannahafnar og rúta flutti hópurinn til Gautaborgar, um er að ræða 4 klst. rútuferð. Gist var í skólum í Gautaborg, Lerlyckeskolan



**Stúlknaðið 3. flokks Völsungs á Gothiacup sumarið 2009.** Aftasta röð frá vinstri: Helga Björg Heiðardóttir, Helga Gunnarsdóttir, Ruth Ragnarsdóttir, Jóney Ósk Sigurjónsdóttir, Anna Halldóra Ágústsdóttir, Heiðdis Hafþórsdóttir og Jóhanna Margrét Gunnarsdóttir. Miðröð frá vinstri: Jónína Rún Agnarsdóttir, Áslaug Guðmundsdóttir þjálfari, Hrafnhildur Björgvinsdóttir, Lilja Hauksdóttir, Snædis Guðjónsdóttir, Helga Sigurbjörnsdóttir, Inga Jónsdóttir, Sonja Sif Þórólfsdóttir, Brynja Benediktsdóttir, Magnea Órvarsdóttir, Elma Rún Þráinsdóttir. Fremsta röð frá vinstri: Erna Hannesdóttir, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Sigrún Lilja Sigurgeirsdóttir, Anna Jónína Valgeirsdóttir, Helena Arnadóttir og Oddlaug Petra Stefánsdóttir.

**Drengjalið 3. flokks Völsungs á Gothiacup sumarið 2009.** Aftasta röð frá vinstri: Sigmar Darri Unnsteinsson, Þorsteinn Snævar Benediktsson, Arnþór Hermannsson, Stefán Óli Valdimarsson og Bergþór Arnarsson. Miðröð frá vinstri: Unnar Þór Garðarsson þjálfari, Benedikt Þór Jóhannsson, Sigvaldi Þór Einarsson, Hafþór Mar Aðalgeirsson, Rafnar Smáráson og Friðrik Marinó Ragnarsson. Fremsta röð frá vinstri: Arnór Elí Víðisson, Sindri Ingólfsson, Snæþór Haukur Sveinbjörnsson, Hlynur Kristjánsson, Halldór Geir Heiðarsson og Stefán Júlíus Aðalsteinsson.

í sex nætur og Marialundsskolan í eina nótt. Knattspyrnumótið sem tekið var þátt í er Gothiacup ([www.gothiacup.se](http://www.gothiacup.se)), sem er stærsta alþjóðlega knattspyrnumót ungmenna. Þátttakendur eru frá 1.500 liðum frá yfir um 70 þátttökulöndum.

Á mótinu kepptu drengirnir í aldursflokknum Boy16 og kepptu þeir þrjá leiki í riðlakeppni og síðan þrjá leiki í útsláttarkeppni. Þeir féllu úr keppni eftir vítaspyrnukeppni. Stúkurnar voru með tvö lið í aldursflokki Girl15 og Girl17. Aldursflokkar stúlkanna er öðruvísi en hjá okkur og því keppir Girl17 liðið okkar, sem er skipað 15-16 ára stúlkum, við 17 ára stúlkur í hinum liðunum. Girl15 liðið keppti þrjá leiki í riðlakeppni og tvo í útsláttarkeppni og Girl17 liðið keppti þrjá leiki í riðlakeppninni og einn í útsláttarkeppninni. Árangur liðanna var góður. Aðalávinningurinn felst í fjölda leikja, þar sem leikið er við góðar en krefjandi aðstæður, við mjög sterk lið frá mörgum löndum. Leikirnir voru allir í Gautaborg, en í nokkrum tilfellum var um klukkustundar ferðalag á keppnisstað með sporvögnum og strætisvögnum.

Í tengslum við mótið var boðið upp á úrvalsdeildarleik með liði heimamanna sem heldur mótið - Häcken. Mikil setningarhátíð fór fram á Ullevi leikvanginum, þar sem 45.000 áhorfendur mættu til að sjá og heyra fjölbreytt skemmtiatriði og flugeldasýningu. Hópurinn brá sér á leik með úrvalsdeildarliðinu Gais, sem Hallgrímur Jónasson (og Jónuson) spilar með. Þátttakendur á mótinu hafa aðgang í almenningssamgöngum Gautaborgar og það nýtti hópurinn sér vel, fór eins oft og kostur var í bæinn til að skoða mannlífið, áhugaverða staði, heimsækja Headen, sem er aðalsetur keppinnar, tívolíð Liseberg og bregða sér í verslun, kaffihús eða hamborgarastað. Á sunnudeginum var farið í tívolí- og sundlaugargarðinn Skara sommerland, sem er u.þ.b. tveggja klst. akstri frá Gautaborg.

## Fyrirmyndar unglingar

Með samvinnu og samstilltu átaki foreldra, þjálfara og unglínganna tókst að búa til áhugavert verkefni sem lauk með ógleymanlegu átta daga ferðalagi til Svíþjóðar. Allir unglíngarnir sem tóku þátt í verkefninu sýndu fyrirmyndar ástundun á undirbúningstímanum og tóku skýra afstöðu gegn áfengi og tóbaki. Eftir heimkomuna hafa unglíngarnir áfram sýnt fyrirmyndar framkomu og haldið heit sín um að sniðganga áfengi og tóbak. Það er von foreldra og Íþróttafélagsins Völsungs að þau verði áfram kappsfullir, metnaðarfullir og duglegir unglíngar sem verði öðrum til fyrirmyndar.

## Að lokum

Á ferðalagi koma alltaf upp skemmtileg og skrítn atvik, sem við þátttakendur eigum saman og rifjum upp á góðum stundum. Reglugerðar- og skrifinnuskufargan Svíanna kom okkur stundum í opna skjöldu, þó við teljum okkur ekki ókunnug slíku á Íslandi. Ekki mátti nota ilmvoðna eða hárspray í kennslustofum vegna mengunarhættu og ekki mátti heldur nota þar nein raftæki s.s. hárblásara og sléttujárn vegna eldhættu. Til að byrja með olli þetta uppnámi í hópi nokkurra yngri stúlkanna, sem hafa ekki einu sinni vanið sig á að fara út með ruslið heima hjá sér án þess að nýta þessi lífsnauðsynlegu efni og tæki.

Allir í hópnum héldu almennt góðri heilsu, a.m.k. í ferðinni, þrátt fyrir fréttir um geysandi svínaflensu á staðnum.

Um leið og við þökkum þessum frábæru unglíngum fyrir góða ástundun og samstarfið s.l. tvö ár og samveru í þessu ógleymanlega ferðalagi til Gautaborgar í sumar, viljum við nota tækifæri til að þakka foreldrum fyrir dugnað við fjáröflum og aðra vinnu, stuðningsaðilum sem eru fyrirtæki, stofnanir, félag og þó aðallega sveitungar okkar á Húsavík fyrir frábæran stuðning og jákvæðni í garð verkefnisins.

**Tack för det stöd vi fick och samarbete, god jul och gott nytt år!**

**Fararstjórnar og þjálfara**

**Ágúst Óskarsson, Þóra Jónasdóttir, Guðrún Guðbjartsdóttir, Berglind Pétursdóttir, Sigríður Rúnarsdóttir, Valdimar Ólafsson, Unnar Þór Garðarsson, Áslaug Guðmundsdóttir**

Við óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

